

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2015/2452

2019/EES/94/01

frá 2. desember 2015

um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar verklag, framsetningu og sniðmát fyrir skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) ⁽¹⁾, einkum fjórðu málsgrein 56. gr. og 5. mgr. 256. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tryggja ætti að samræmdum kröfum um birtingu tölulegra upplýsinga í skýrslunni um gjaldþol og fjárhagslega stöðu sé fullnægt með því að nota tilskilin mengi sniðmáta fyrir birtingu, sem stuðla að því að almenningur skilji betur upplýsingar sem birtar eru, einkum að því er varðar samanburð yfir tíma og milli mismunandi félaga. Notkun sniðmáta ætti einnig að tryggja jafna meðferð á váttrygginga- og endurtryggingafélögum og ætti að bæta skilning á upplýsingunum sem samstæður birta.
- 2) Þegar váttrygginga- og endurtryggingafélög, hluteignarfélög á váttrygginga- og endurtryggingasviði, eignarhaldsfélög á váttryggingasviði eða blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi hafa heimild til að birta staka skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu, ættu þau að birta sérstaklega, sem hluta af skýrslu sinni, upplýsingar sem tilgreindar eru í þessari reglugerð fyrir einstök félög að því er varðar hvert dótturfélag sem er váttrygginga- og endurtryggingafélag sem sú skýrsla tekur til og upplýsingarnar sem mælt er fyrir um að því er varðar samstæður.
- 3) Til að tryggja að aðferðir við birtingu séu notaðar á samræmdan hátt, ættu viðkomandi ákvæði framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 ⁽²⁾ um aðferðir við birtingu að gilda um birtingu á skýrslum um gjaldþol og fjárhagslega stöðu samstæðna og á stökum skýrslum um gjaldþol og fjárhagslega stöðu.
- 4) Váttrygginga- og endurtryggingafélög og samstæður ættu eingöngu að birta upplýsingarnar sem eiga við um rekstur þeirra. Til dæmis hafa vissir valkostir sem kveðið er á um í tilskipun 2009/138/EB áhrif á umfang upplýsinganna sem birta á, s.s. notkunin á aðlögun vegna samræmingar fyrir útreikninginn á váttryggingaskuldinni eða notkunin á alhliða líkani eða hlutalíkani eða eigin stikum váttryggingafélags fyrir útreikninginn á gjaldþolskröfu. Í flestum tilvikum ættu eingöngu að birta hlutmengi sniðmáta sem kveðið er á um í þessari reglugerð, þar eð öll sniðmát eiga ekki við um öll félög.
- 5) Ákvæði þessarar reglugerðar eru nátengd hvert öðru þar eð þau eiga við um verklag og sniðmát fyrir birtingu skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu. Til að tryggja samfellu milli þessara ákvæða sem ættu að taka gildi á sama tíma og til að auðvelda þeim aðilum sem falla undir þessar skyldur, þ.m.t. fjárfestum sem eru ekki búsettir í Sambandinu, að fá af þeim heildstæða mynd og aðgang, er æskilegt að allir tæknilegu framkvæmdarstaðlarnir sem krafist er skv. 56. gr. og 5. mgr. 256. gr. tilskipunar 2009/138/ESB séu í einni reglugerð.
- 6) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóða- eftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 347, 31.12.2015, bls. 1285. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 62/2018 frá 23. mars 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 335, 17.12. 2009, bls. 1.

⁽²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 frá 10. október 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjttíð. ESB L 12, 17.1.2015, bls. 1).

- 7) Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um dröggin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitum hagsmunahóps í váttryggingum og endurtryggingum sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 ⁽¹⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um tæknilega framkvæmdarstaðla varðandi skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu með því að koma á verklagi, framsetningu og sniðmátum fyrir birtingu upplýsinga sem um getur í 51. gr. tilskipunar 2009/138/EB að því er varðar einstök váttrygginga- og endurtryggingafélög og í 256. gr. tilskipunar 2009/138/EB að því er varðar samstæður.

2. gr.

Sniðmát fyrir opinbera birtingu

Þegar upplýsingarnar sem um getur í þessari reglugerð eru birtar skulu tölur sem sýna fjárhæðir birtar í þúsundum eininga.

3. gr.

Gjaldmiðill

1. Að því er varðar þessa reglugerð skal „reikningsskilagjaldmiðill“, nema eftirlitsyfirvaldið geri kröfu um annað, vera:
 - a) Fyrir birtingu upplýsinga einstakra váttrygginga- eða endurtryggingafélaga, gjaldmiðill sem notaður er við gerð reikningsskila þeirra,
 - b) fyrir birtingu upplýsinga samstæðu, gjaldmiðill sem notaður er við gerð samstæðureikningsskila.
2. Tölur sem sýna fjárhæðir skulu birtar í reikningsskilagjaldmiðlinum. Sérhver annar gjaldmiðill en reikningsskilagjaldmiðillinn skal umreiknaður yfir í reikningsskilagjaldmiðilinn.
3. Við framsetningu á virði allra eigna eða skulda sem gefnar eru upp í öðrum gjaldmiðli en reikningsskilagjaldmiðlinum skal umreikna virðið yfir í reikningsskilagjaldmiðilinn eins og umreikningurinn hafi átt sér stað við lokagengi síðasta dags sem viðkomandi gengi er tiltækt á reikningsskilatímabilinu sem eignin eða skuldin tengist.
4. Við framsetningu á virði allra tekna eða gjalda skal umreikna virðið yfir í reikningsskilagjaldmiðilinn með því að nota sama grunn fyrir umreikninginn og þann sem er notaður vegna reikningsskila.
5. Umreikningur yfir í reikningsskilagjaldmiðilinn skal gerður með því að beita gengi frá sömu heimild og þeirri sem notuð er fyrir reikningsskil váttrygginga- eða endurtryggingafélags ef um er að ræða gagnaskil einstakra félaga eða fyrir samstæðureikningsskil ef um er að ræða gagnaskil samstæðu, nema eftirlitsyfirvaldið geri kröfu um annað.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48).

4. gr.

Sniðmát fyrir skýrsluna um gjaldþol og fjárhagslega stöðu einstakra félaga

Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu sem hluta af skýrslu sinni um gjaldþol og fjárhagslega stöðu a.m.k. birta opinberlega eftirfarandi sniðmát:

- a) Sniðmát S.02.01.02 í I. viðauka, sem tilgreinir upplýsingar um efnahagsreikning með því að nota virðismat í samræmi við 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB, með því að fylgja leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.02.01 í II. viðauka við þessa reglugerð,
- b) sniðmát S.05.01.02 í I. viðauka, sem tilgreinir upplýsingar um iðgjöld, tjón og rekstrarkostnað með því að beita mats- og færslureglum sem notaðar eru í reikningsskilum félagsins, með því að fylgja leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.05.01 í II. viðauka við þessa reglugerð, fyrir hverja vátryggingagrein eins og þær eru skilgreindar í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35,
- c) sniðmát S.05.02.01 í I. viðauka, sem tilgreinir upplýsingar um iðgjöld, tjón og rekstrarkostnað eftir löndum með því að beita mats- og færslureglum sem notaðar eru í reikningsskilum félagsins, með því að fylgja leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.05.02 í II. viðauka.
- d) sniðmát S.12.01.02 í I. viðauka, sem tilgreinir upplýsingar um vátryggingaskuldina sem tengist líftryggingu og heilsu-tryggingu sem stafrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging (e. 'health SLT') fyrir hverja vátryggingagrein, eins og skilgreint er í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35, með því að fylgja leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.12.01 í II. viðauka við þessa reglugerð,
- e) sniðmát S.17.01.02 í I. viðauka, sem tilgreinir upplýsingar um vátryggingaskuld skaðatrygginga, með því að fylgja leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.17.01 í II. viðauka við þessa reglugerð, fyrir hverja vátryggingagrein eins og þær eru skilgreindar í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35,
- f) sniðmát S.19.01.21 í I. viðauka, sem tilgreinir upplýsingar um skaðatryggingakröfur í formi þróunarþríhyrninga, með því að fylgja leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.19.01 í II. viðauka fyrir skaðatryggingastarfseminum í heild,
- g) sniðmát S.22.01.21 í I. viðauka, sem tilgreinir upplýsingar um áhrif af langtímaábyrgð og umbreytingarráðstöfunum, með því að fylgja leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.22.01 í II. viðauka,
- h) sniðmát S.23.01.01 í I. viðauka, sem tilgreinir upplýsingar um gjaldþol, þ.m.t. kjarnagjaldþol og stuðningsgjaldþol, með því að fylgja leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.23.01 í II. viðauka,
- i) sniðmát S.25.01.21 í I. viðauka, sem tilgreinir upplýsingar um gjaldþolskröfu sem reiknuð er út með því að nota staðal-regluna, með því að fylgja leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.25.01 í II. viðauka,
- j) sniðmát S.25.01.21 í I. viðauka, sem tilgreinir upplýsingar um gjaldþolskröfu sem reiknuð er út með því að nota staðal-regluna og hlutalíkan, með því að fylgja leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.25.02 í II. viðauka,
- k) sniðmát S.25.03.21 í I. viðauka, sem tilgreinir upplýsingar um gjaldþolskröfu sem reiknuð er út með því að nota alhliða líkan, með því að fylgja leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.25.03 í II. viðauka,
- l) sniðmát S.28.01.01 í I. viðauka, sem tilgreinir kröfu um lágmarksfjármagn fyrir vátrygginga- og endurtryggingafélög sem leggja eingöngu stund á líftryggingar eða eingöngu skaðatryggingar eða skaðaendurtryggingastarfsemi, með því að fylgja leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.28.01 í II. viðauka,
- m) sniðmát S.28.02.01 í I. viðauka, sem tilgreinir kröfu um lágmarksfjármagn fyrir vátryggingafélög sem leggja stund á bæði líf- og skaðatryggingastarfsemi, með því að fylgja leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.28.02 í II. viðauka.

5. gr.

Sniðmát fyrir skýrsluna um gjaldþol og fjárhagslega stöðu samstæðna

Hluteignarfélag á váttrygginga- og endurtryggingasviði, eignarhaldsfélög á váttryggingasviði eða blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi skulu sem hluta af skýrslu sinni um gjaldþol og fjárhagslega stöðu samstæðu a.m.k. birta opinberlega eftirfarandi sniðmát:

- a) Sniðmát S.32.01.22 í I. viðauka, sem tilgreinir upplýsingar um félögin innan samstæðunnar, með því að fylgja leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.32.01 í III. viðauka,
- b) þegar samstæða, fyrir útreikninginn á gjaldþolsstöðu samstæðu, notar aðferð 1, eins og hún er skilgreind í 230. gr. tilskipunar 2009/138/EB, annaðhvort einvörðungu eða ásamt aðferð 2, eins og hún er skilgreind er í 233. gr. tilskipunar 2009/138/EB, sniðmát S.02.01.02 í I. viðauka við þessa reglugerð, sem tilgreinir upplýsingar efnahagsreiknings með því að nota virðismat í samræmi við 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB, með því að fylgja leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.02.01 í III. viðauka við þessa reglugerð,
- c) sniðmát S.05.01.02 í I. viðauka, sem tilgreinir upplýsingar um iðgjöld, tjón og rekstrarkostnað með því að beita mats- og færslureglum sem notaðar eru í samstæðureikningsskilum, með því að fylgja leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.05.01 í III. viðauka við þessa reglugerð, fyrir hverja váttryggingagrein eins og þær eru skilgreindar eru í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35,
- d) sniðmát S.05.02.01 í I. viðauka, sem tilgreinir upplýsingar um iðgjöld, tjón og rekstrarkostnað eftir löndum með því að beita mats- og færslureglum sem notaðar eru í samstæðureikningsskilum, með því að fylgja leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.05.02 í III. viðauka.
- e) sniðmát S.22.01.22 í I. viðauka, sem tilgreinir upplýsingar um áhrifin af langtímaábyrgð og umbreytingarráðstöfunum, með því að fylgja leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.22.01 í III. viðauka,
- f) sniðmát S.23.01.22 í I. viðauka, sem tilgreinir upplýsingar um gjaldþol, þ.m.t. kjarnagjaldþol og stuðningsgjaldþol, með því að fylgja leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.23.01 í III. viðauka,
- g) þegar samstæða, fyrir útreikninginn á gjaldþolsstöðu samstæðu, notar aðferð 1, eins og hún er skilgreind í 230. gr. tilskipunar 2009/138/EB, annaðhvort einvörðungu eða ásamt aðferð 2, eins og hún er skilgreind í 233. gr. þeirrar tilskipunar, sniðmát S.25.01.22 í I. viðauka við þessa reglugerð, sem tilgreinir upplýsingar um gjaldþolskröfu sem reiknuð er út með því að nota staðalregluna, með því að fylgja leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.25.01 í III. viðauka við þessa reglugerð,
- h) þegar samstæða, fyrir útreikninginn á gjaldþolsstöðu samstæðu, notar aðferð 1, eins og hún er skilgreind í 230. gr. tilskipunar 2009/138/EB, annaðhvort einvörðungu eða ásamt aðferð 2, eins og hún er skilgreind í 233. gr. þeirrar tilskipunar, sniðmát S.25.02.22 í I. viðauka við þessa reglugerð, sem tilgreinir upplýsingar um gjaldþolskröfu sem reiknuð er út með því að nota staðalregluna og hlutalíkan, með því að fylgja leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.25.02 í III. viðauka við þessa reglugerð,
- i) þegar samstæða, fyrir útreikninginn á gjaldþolsstöðu samstæðu, notar aðferð 1, eins og hún er skilgreind í 230. gr. tilskipunar 2009/138/EB, annaðhvort einvörðungu eða ásamt aðferð 2, eins og hún er skilgreind í 233. gr. þeirrar tilskipunar, sniðmát S.25.03.22 í I. viðauka við þessa reglugerð, sem tilgreinir upplýsingar um gjaldþolskröfu sem reiknuð er út með því að nota alhliða líkan, með því að fylgja leiðbeiningunum sem settar eru fram í þætti S.25.03 í III. viðauka við þessa reglugerð.

6. gr.

Tilvísanir í önnur skjöl í skýrslunni um gjaldþol og fjárhagslega stöðu

Þegar váttrygginga- og endurtryggingafélög, hluteignarfélag á váttrygginga- og endurtryggingasviði, eignarhaldsfélög á váttryggingasviði eða blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi fella inn í skýrsluna um gjaldþol og fjárhagslega stöðu tilvísanir í önnur skjöl sem eru aðgengileg öllum, skulu þessar tilvísanir vera gerðar með tilvísunum sem leiða beint til sjálfra upplýsinganna og ekki til skjals almenns eðlis.

7. gr.

Samkvæmni upplýsinga

Vátrygginga- og endurtryggingafélög, hluteignarfélag á vátrygginga- og endurtryggingasviði, eignarhaldsfélög á vátryggingasviði eða blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi skulu meta hvort upplýsingarnar sem birtar eru séu í fullu samræmi við upplýsingarnar sem voru tilkynntar eftirlitsyfirvöldum.

8. gr.

Birtingarleiðir upplýsinga samstæðu og stakrar skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu

Ákvæði 301. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35 skulu gilda um birtingu upplýsinga samstæðu og stakrar skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu.

9. gr.

Aðild dótturfélaga að stakri skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu

1. Þegar hluteignarfélag á vátrygginga- eða endurtryggingasviði, eignarhaldsfélag á vátryggingasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi fer fram á samþykki samstæðueftirlitsaðilans um að leggja fram staka skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu, skal eftirlitsyfirvald samstæðu tafarlaust hafa samband við öll hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld til þess einkum að ræða um á hvaða tungumáli staka skýrslan um gjaldþol og fjárhagslega stöðu eigi að vera.
2. Hluteignarfélag á vátrygginga- og endurtryggingasviði, eignarhaldsfélag á vátryggingasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi skal útskýra hvernig fjallað verður um dótturfélögin og hvernig framkvæmdastjórn, stjórn eða eftirlitsstjórn dótturfélaganna tekur þátt í ferlinu og í að samþykkja stöku skýrsluna um gjaldþol og fjárhagslega stöðu.

10. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. desember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

S.02.01.02

Efnahagsreikningur

Eignir		Gjald- þolsáætlun II - virði
		C0010
Óefnislegar eignir	R0030	
Frestuð skattineign	R0040	
Umframlífeyrir	R0050	
Varanlegir rekstrarfjármunir til eigin nota	R0060	
Fjárfestingar (aðrar en eignir sem haldið er fyrir vísitölutengda og sjóðstengda samninga)	R0070	
Fasteign (önnur en til eigin nota)	R0080	
Eignarhlutir í tengdum félögum, þ.m.t. hlutdeildir	R0090	
Hlutabréf	R0100	
Hlutabréf — skráð	R0110	
Hlutabréf — óskráð	R0120	
Skuldabréf	R0130	
Ríkisskuldabréf	R0140	
Fyrirtækjaskuldabréf	R0150	
Samsettar skuldaviðurkenningar	R0160	
Veðtryggð verðbréf	R0170	
Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu	R0180	
Afleiður	R0190	
Innstæður, aðrar en ígildi handbærs fjár	R0200	
Aðrar fjárfestingar	R0210	
Eignir sem haldið er fyrir vísitölutengda og sjóðstengda samninga	R0220	
Lán og veðlán	R0230	
Lán gegn tryggingum	R0240	
Lán og veðlán til einstaklinga	R0250	
Önnur lán og veðlán	R0260	
Endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum frá:	R0270	
Skaðatrygging og sjúkratrygging svipuð skaðatryggingu	R0280	
Skaðatrygging að undanskilinni sjúkratryggingu	R0290	

		Gjald- þolsáætlun II - virði
Sjúkratrygging svipuð skaðatryggingu	R0300	
Líftrygging og sjúkratrygging svipuð líftryggingu, að undanskilinni sjúkratryggingu og vísitölutengdum og sjóðstengdum samningi	R0310	
Sjúkratrygging svipuð líftryggingu	R0320	
Líftrygging, að undanskilinni sjúkratryggingu og vísitölutengdum og sjóðstengdum samningi	R0330	
Líftrygging, vísitölutengd og sjóðatengd	R0340	
Innlán tengd endurtryggingasamningi	R0350	
Viðskiptakröfur frá tryggingum og miðlurum	R0360	
Viðskiptakröfur frá endurtryggingum	R0370	
Viðskiptakröfur (vegna viðskipta, ekki trygginga)	R0380	
Eigin hlutabréf (í beinni eigu)	R0390	
Gjaldfallnar fjárhæðir að því er varðar gjaldþolsliði eða stofnfé, innkallaðar en ekki ennþá greiddar	R0400	
Handbært fé og ígildi þess	R0410	
Aðrar eignir, sem ekki eru færðar annars staðar	R0420	
Heildareignir	R0500	
Skuldbindingar		C0010
Vátryggingaskuld — skaðatrygging	R0510	
Vátryggingaskuld — skaðatrygging (að undanskilinni sjúkratryggingu)	R0520	
Vátryggingaskuld, reiknuð út sem heild	R0530	
Besta mat	R0540	
Áhættuálag	R0550	
Vátryggingaskuld — sjúkratrygging (svipuð skaðatryggingu)	R0560	
Vátryggingaskuld, reiknuð út sem heild	R0570	
Besta mat	R0580	
Áhættuálag	R0590	
Vátryggingaskuld — líftrygging (að undanskilinni vísitölutengdri og sjóðstengdri)	R0600	
Vátryggingaskuld — sjúkratrygging (svipuð líftryggingu)	R0610	
Vátryggingaskuld, reiknuð út sem heild	R0620	
Besta mat	R0630	
Áhættuálag	R0640	

		Gjald- þolsáætlun II - virði
Vátryggingaskuld — líffrygging (að undanskilinni sjúkratryggingu og vísitölutengdum og sjóðstengdum samningi)	R0650	
Vátryggingaskuld, reiknuð út sem heild	R0660	
Besta mat	R0670	
Áhættuálag	R0680	
Vátryggingaskuld — vísitölutengd og sjóðstengd	R0690	
Vátryggingaskuld, reiknuð út sem heild	R0700	
Besta mat	R0710	
Áhættuálag	R0720	
Skilyrtar skuldir	R0740	
Aðrar skuldir en vátryggingaskuld	R0750	
Lífeyrisskuldbindingar	R0760	
Innstæður frá endurtryggjendum	R0770	
Frestaðar skattskuldbindingar	R0780	
Afleiður	R0790	
Skuldir til lánastofnana	R0800	
Fjárskuldbindingar, aðrar en skuldir til lánastofnana	R0810	
Tryggingaskuldir og skuldir til miðlara	R0820	
Endurtryggingaskuldir	R0830	
Skuldir (vegna viðskipta, ekki trygginga)	R0840	
Víkjandi skuldir	R0850	
Víkjandi skuldir, sem ekki eru í kjarnagjaldþoli	R0860	
Víkjandi skuldir, sem eru í kjarnagjaldþoli	R0870	
Sérhverjar aðrar skuldir, sem ekki eru færðar annars staðar	R0880	
Skuldir samtals	R0900	
Eignir umfram skuldir	R1000	

S.05.01.02

Iðgjöld, kröfur og útgjöld eftir váttryggingagrein

		Váttryggingagrein fyrir: Skaðatrygginga- og skaðaendurtryggingaskuldbindingar (frumtryggingastarfsemi og seld hlutfallsleg endurtrygging)								
		Váttrygging vegna sjúkra-kostnaðar	Váttrygging vegna tekjuverndar	Atvinnuslys-trygging	Ábyrgðar-trygging vélknúinna ökutækja	Aðrar ökutækja-tryggingar	Sjó-, flug- og farmtryggingar	Váttrygging vegna bruna og annars eignatjóns	Almenn ábyrgðar-trygging	Greiðslu- og efndavá-tryggingar
		C0010	C0020	C0030	C0040	C0050	C0060	C0070	C0080	C0090
Bókfærð iðgjöld										
Verg — frumtryggingastarfsemi	R0110									
Verg — seld hlutfallsleg endurtrygging	R0120									
Verg — seld óhlutfallsleg endurtrygging	R0130									
Hlutdeild endurtryggjenda	R0140									
Hreint	R0200									
Iðgjöld tímabilsins										
Verg — frumtryggingastarfsemi	R0210									
Verg — seld hlutfallsleg endurtrygging	R0220									
Verg — seld óhlutfallsleg endurtrygging	R0230									
Hlutdeild endurtryggjenda	R0240									
Hreint	R0300									
Tjón ársins										
Verg — frumtryggingastarfsemi	R0310									
Verg — seld hlutfallsleg endurtrygging	R0320									

S.05.02.01

Iðgjöld, kröfur og útgjöld eftir löndum

		Heimaland	Hæstu 5 löndin (eftir fjárhæð vergra bókfærðra iðgjalda) — skaðatryggingaskuldbindingar					Samtala hæstu 5 og heimaland
		C0010	C0020	C0030	C0040	C0050	C0060	C0070
	R0010	X						X
		C0080	C0090	C0100	C0110	C0120	C0130	C0140
Bókfærð iðgjöld								
Verg — frumtryggingastarfsemi	R0110							
Verg — seld hlutfallsleg endurtrygging	R0120							
Verg — seld óhlutfallsleg endurtrygging	R0130							
Hlutdeild endurtryggjenda	R0140							
Hreint	R0200							
Iðgjöld tímabilsins								
Verg — frumtryggingastarfsemi	R0210							
Verg — seld hlutfallsleg endurtrygging	R0220							
Verg — seld óhlutfallsleg endurtrygging	R0230							
Hlutdeild endurtryggjenda	R0240							
Hreint	R0300							
Tjón ársins								
Verg — frumtryggingastarfsemi	R0310							
Verg — seld hlutfallsleg endurtrygging	R0320							
Verg — seld óhlutfallsleg endurtrygging	R0330							

Vátryggingaskuld líf- og heilsuþryggingar, sem stafræktar eru á svipuðum tæknilegum grunni og lífþrygging

	Vátrygging með ágóðahlutdeild frá endurtryggjendum	Vísitölu- og sjóðstengd vátrygging		Aðrar lífþryggingar			Lífeyrir sem stafar frá skaðatryggingasamningum og varðar tryggingaskuldbindingar aðrar en sjúkratryggingaskuldbindingar	Samþykkt endurtrygging	Alls (lífþrygging, önnur en sjúkratrygging, þ.m.t. sjóðstengd)	
		Samningar án valréttis og ábyrgða	Samningar með valréttum og ábyrgðum	Samningar án valréttis og ábyrgða	Samningar með valréttum og ábyrgðum	Samningar með valréttum og ábyrgðum				
	C0020	C0030	C0040	C0050	C0060	C0070	C0080	C0090	C0100	C0150
Vátryggingaskuld, reiknuð út sem heild	R0010									
Endurheimtanlegar fjárhæðir alls frá endurtryggingasamningum/félagi með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu (e. <i>Finite Re</i>) eftir leiðréttinguna fyrir væntu tapi vegna vanskila mótaðila sem tengjast vátryggingaskuld sem reiknuð er út sem heild	R0020									
Vátryggingaskuld, reiknuð út sem samtala besta mats og áhættuálags										
Besta mat										
Vergt besta mat	R0030									
Endurheimtanlegar fjárhæðir alls frá endurtryggingasamningum/félagi með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu eftir leiðréttinguna fyrir væntu tapi vegna vanskila mótaðila	R0080									

	Vátrygging með ágóðahlutdeild frá endurtryggjendum	Vísitölu- og sjóðstengd vátrygging		Aðrar líftryggingar			Lífeyrir sem stafar frá skaðatryggingasamningum og varðar tryggingaskuldbindingar aðrar en sjúkratryggingaskuldbindingar	Samþykkt endurtrygging	Alls (líftrygging, önnur en sjúkratrygging, þ.m.t. sjóðstengd)	
		C0020	C0030	C0040	C0050	C0060				C0070
Besta mat að frádregnum endurheimtanlegum fjárhæðum frá endurtryggingasamningum/félagi með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu — alls	R0090									
Áhættuálag	R0100									
Fjárhæð fyrir umbreytingarráðstöfun á vátryggingaskuld										
Vátryggingaskuld, reiknuð út sem heild	R0110									
Besta mat	R0120									
Áhættuálag	R0130									
Vátryggingaskuld — alls	R0200									

Vátryggingaskuld, reiknuð út sem heild

Endurheimtanlegar fjárhæðir alls frá endurtryggingasamningum/félagi með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu (e. *Finite Re*) eftir leiðréttinguna fyrir væntu tapi vegna vanskila mótaðila sem tengjast vátryggingaskuld sem reiknuð er út sem heild

Vátryggingaskuld, reiknuð út sem samtala besta mats og áhættuálags

Besta mat

Vergt besta mat

Endurheimtanlegar fjárhæðir alls frá endurtryggingasamningum/félagi með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu eftir leiðréttinguna fyrir væntu tapi vegna vanskila mótaðila

Besta mat að frádregnum endurheimtanlegum fjárhæðum frá endurtryggingasamningum/félagi með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu — alls

Áhættuálag

Fjárhæð fyrir umbreytingarráðstöfun á vátryggingaskuld

Vátryggingaskuld, reiknuð út sem heild

Besta mat

Áhættuálag

Vátryggingaskuld — alls

	Sjúkratrygging (frumtryggingastarfsemi)		Lífeyrir sem stafar frá skaðatryggingasamningum og varðar sjúkratryggingaskuldbindingar	Sjúkraendurtrygging (seld endurtrygging)	Alls (sjúkratrygging svipuð líftryggingu)	
	Samningar án valréttta og ábyrgða	Samningar með valréttum og ábyrgðum				
	C0160	C0170	C0180	C0190	C0200	C0210
R0010						
R0020						
R0030						
R0080						
R0090						
R0100						
R0110						
R0120						
R0130						
R0200						

S.17.01.02

Vátryggingaskuld skaðatryggingar

Vátryggingaskuld, reiknuð út sem heild

Endurheimtanlegar fjárhæðir alls frá endurtrygginga-samningum/félagi með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu (e. *Finite Re*) eftir leiðréttinguna fyrir væntu tapi vegna vanskila mótaðila sem tengjast vátryggingaskuld sem reiknuð er út sem heild

Vátryggingaskuld, reiknuð út sem samtala besta mats og áhættuálags

Besta mat

Iðgjaldaniðurfærslur

Vergt

Endurheimtanleg fjárhæð alls frá endurtrygginga-samningi/félagi með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu eftir leiðréttinguna fyrir væntu tapi vegna vanskila mótaðila

Hreint besta mat á iðgjaldaniðurfærslum

Tjónaniðurfærslur

Vergt

R0010

R0050

R0060

R0140

R0150

R0160

Frumtryggingastarfsemi og seld hlutfallsleg endurtrygging								
Vátrygging vegna sjúkrakostnaðar	Vátrygging vegna tekjuverndar	Atvinnuslys-trygging	Ábyrgðartrygging vélknúinna ökutækja	Aðrar ökutækja-tryggingar	Sjó-, flug- og farmtryggingar	Vátrygging vegna bruna og annars eignatjóns	Almenn ábyrgðartrygging	Greiðslu- og efnдавátryggingar
C0020	C0030	C0040	C0050	C0060	C0070	C0080	C0090	C0100

Frumtryggingastarfsemi og seld hlutfallsleg endurtrygging			Samþykkt óhlutfallsleg endurtrygging				Skadategyggingaskuldbindingar alls
Réttaraðstoðartryggingar	Aðstoðartrygging	Ýmiss konar fjárhagstjón	Óhlutfallsleg sjúkraendurtrygging	Óhlutfallsleg slysaendurtrygging	Óhlutfallslegar sjó-, flug- og farmtryggingar	Óhlutfallsleg eignaendurtrygging	
C0110	C0120	C0130	C0140	C0150	C0160	C0170	C0180

Vátryggingaskuld — alls

Vátryggingaskuld — alls

R0320

Endurheimtanleg fjárhæð frá endurtryggingasamningi/félagi með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu eftir leiðréttinguna fyrir væntu tapi vegna vanskila mótaðila — alls

R0330

Vátryggingaskuld að frádregnum endurheimtanlegum fjárhæðum frá endurtryggingasamningum/félagi með sérstakan tilgang og takmarkaðri endurtryggingu — alls

R0340

S.19.01.21

Skaðatryggingakröfur

Skaðatryggingastarfsemi í heild

Tjónaár /
tryggingaár

Z0010	
-------	--

Vergt greitt tjón (ekki uppsafnað)

(fastsett fjárhæð)

		Uppgjörsár											Á yfir-standandi ári	Samtala ára (uppsafnað)	
Ár		0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10 og +	C0170	C0180	
		C0010	C0020	C0030	C0040	C0050	C0060	C0070	C0080	C0090	C0100	C0110			
Fyrir- verandi	R0100												R0100		
N-9	R0160												R0160		
N-8	R0170												R0170		
N-7	R0180												R0180		
N-6	R0190												R0190		
N-5	R0200												R0200		
N-4	R0210												R0210		
N-3	R0220												R0220		
N-2	R0230												R0230		
N-1	R0240												R0240		
N	R0250												R0250		
Samtals													R0260		

Vergt óafvaxtað besta mat á tjónaniðurfærslum

(fastsett fjárhæð)

	Ár	Uppgjörsár										Lok árs (afvöxtuð gögn)		
		0	1	2	3	4	5	6	7	8	9		10 og +	C0360
		C0200	C0210	C0220	C0230	C0240	C0250	C0260	C0270	C0280	C0290	C0300		C0360
Fyrr- verandi	R0100												R0100	
N-9	R0160												R0160	
N-8	R0170												R0170	
N-7	R0180												R0180	
N-6	R0190												R0190	
N-5	R0200												R0200	
N-4	R0210												R0210	
N-3	R0220												R0220	
N-2	R0230												R0230	
N-1	R0240												R0240	
N	R0250												R0250	
	Samtals												R0260	

S.22.01.21

Áhrifin af langtímaábyrgð og umbreytingarráðstöfunum

		Fjárhæð með langtímaábyrgð og umbreytingarráðstöfunum	Áhrifin af umbreytingarráðstöfun á váttryggingaskuld	Áhrifin af umbreytingarráðstöfun á vexti	Áhrifin af aðlögun vegna óstöðugleika sett á núll	Áhrifin af aðlögun vegna samræmingar sett á núll
		C0010	C0030	C0050	C0070	C0090
Váttryggingaskuld	R0010					
Kjarnagjaldþol	R0020					
Hæft gjaldþol til að uppfylla gjaldþolskröfuna	R0050					
Gjaldþolskrafa	R0090					
Hæft gjaldþol til að uppfylla kröfu um lágmarksfjármagn	R0100					
Krafa um lágmarksfjármagn	R0110					

S.22.01.22

Áhrifin af langtímaábyrgð og umbreytingarráðstöfunum

		Fjárhæð með langtímaábyrgð og umbreytingarráðstöfunum	Áhrifin af umbreytingarráðstöfun á váttryggingaskuld	Áhrifin af umbreytingarráðstöfun á vexti	Áhrifin af aðlögun vegna óstöðugleika sett á núll	Áhrifin af aðlögun vegna samræmingar sett á núll
		C0010	C0030	C0050	C0070	C0090
Váttryggingaskuld	R0010					
Kjarnagjaldþol	R0020					
Hæft gjaldþol til að uppfylla gjaldþolskröfuna	R0050					
Gjaldþolskrafa	R0090					

S.23.01.01

Gjaldþol

Kjarnagjaldþol fyrir frádrátt vegna hlutdeilda í öðrum fjármálageira eins og fjallað er um í 68. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35

Almennt hlutafé (án frádráttar eigin hlutafjár)

Yfirverðsreikningur hlutafjár sem tengist almennu hlutafé

Stofnfé, framlög félagsaðila eða jafngildur kjarnagjaldþolsliður fyrir gagnkvæm félög og félög hliðstæðrar gerðar

Undirskipaðir gagnkvæmir reikningar félagsaðila

Umframfjármunir

Forgangshlutafé

Yfirverðsreikningur hlutafjár sem tengist forgangshlutafé

Afstemmingarvarasjóður

Víkjandi skuldir

Fjárhæð jöfn virðinu á hreinni frestaðri skattinneign

Aðrir gjaldþolsliðir sem eftirlitsyfirvaldið samþykkti sem kjarnagjaldþol og ekki eru tilgreindir að ofan

Gjaldþol frá reikningsskilunum sem ætti ekki að vera hluti af afstemmingarvarasjóðnum og uppfyllir ekki viðmiðin til að flokkast sem gjaldþol samkvæmt Gjaldþolsáætlun II

Gjaldþol frá reikningsskilunum sem ætti ekki að vera hluti af afstemmingarvarasjóðnum og uppfyllir ekki viðmiðin til að flokkast sem gjaldþol samkvæmt Gjaldþolsáætlun II

Frádrættir

Frádrættir vegna hlutdeilda í fjármála- og lánastofnunum

Heildarkjarnagjaldþol eftir frádrætti

Samtals	Þáttur 1 — ótak- markaður	Þáttur 1 — tak- markaður	Þáttur 2	Þáttur 3
C0010	C0020	C0030	C0040	C0050
R0010				
R0030				
R0040				
R0050				
R0070				
R0090				
R0110				
R0130				
R0140				
R0160				
R0180				
R0220				
R0230				
R0290				

Stuðningsgjaldþol

Ógreitt og óinnheimt almennt hlutafé, innkallanlegt þegar krafist er

Ógreitt og óinnheimt stofnfé, framlög félagsaðila eða jafngildi kjarnagjaldþolsliðurinn fyrir gagnkvæm félög og félög hliðstæðrar gerðar, innkallanleg þegar krafist er

Ógreitt og óinnheimt forgangshlutafé, innkallanlegt þegar krafist er

Lagalega bindandi skuldbinding um að skrá og greiða fyrir víkjandi skuldir þegar krafist er

Bankaábyrgðir og tryggingar skv. 2. mgr. 96. gr. tilskipunar 2009/138/EB

Bankaábyrgðir og tryggingar, aðrar en skv. 2. mgr. 96. gr. tilskipunar 2009/138/EB

Viðbótariðgjald félagsaðila samkvæmt fyrstu undirgrein 3. mgr. 96. gr. tilskipunar 2009/138/EB

Viðbótariðgjald félagsaðila — annað en samkvæmt fyrstu undirgrein 3. mgr. 96. gr. tilskipunar 2009/138/EB

Annað stuðningsgjaldþol

Heildarstuðningsgjaldþol

Hæft gjaldþol og til ráðstöfunar

Gjaldþol alls, sem er til ráðstöfunar til að uppfylla gjaldþolskröfuna (SCR)

Gjaldþol alls, sem er til ráðstöfunar til að uppfylla kröfuna um lágmarksfjármagn (MCR)

Hæft gjaldþol alls til að uppfylla gjaldþolskröfuna (SCR)

Hæft gjaldþol alls til að uppfylla kröfuna um lágmarksfjármagn (MCR)

Gjaldþolskrafa (SCR)

Krafa um lágmarksfjármagn (MCR)

Hlutfall á milli hæfs gjaldþols á móti gjaldþolskröfu

Samtals	Páttur 1 — ótakmarkaður	Páttur 1 — takmarkaður	Páttur 2	Páttur 3
C0010	C0020	C0030	C0040	C0050
R0300				
R0310				
R0320				
R0330				
R0340				
R0350				
R0360				
R0370				
R0390				
R0400				
R0500				
R0510				
R0540				
R0550				
R0580				
R0600				
R0620				

Hlutfall hæfs gjaldþols á móti kröfu um lágmarksfjármagn

Afstemmingarvarasjóður

Eignir umfram skuldir

Eigin hlutabréf (í beinni og óbeinni eigu)

Fyrirsjáanlegar arðgreiðslur, úthlutanir og gjöld

Aðrir kjarnagjaldþolsliðir

Aðlaganir fyrir takmarkaða gjaldþolsliði að því er varðar eignasöfn, aðlöguð vegna samræmingar og varða sjóði

Afstemmingarvarasjóður

Væntur hagnaður

Væntur hagnaður innifalinn í framtíðariðgjöldum (EPIFP) — líftryggingastarfsemi

Væntur hagnaður innifalinn í framtíðariðgjöldum (EPIFP) — skaðatryggingastarfsemi

Væntur heildarhagnaður innifalinn í framtíðariðgjöldum (EPIFP)

Samtals	Páttur 1 — ótakmarkaður	Páttur 1 — takmarkaður	Páttur 2	Páttur 3
C0010	C0020	C0030	C0040	C0050
R0640				

C0060	
R0700	
R0710	
R0720	
R0730	
R0740	
R0760	
R0770	
R0780	
R0790	

	Samtals	Páttur 1 — ótakmarkaður	Páttur 1 — takmarkaður	Páttur 2	Páttur 3
	C0010	C0020	C0030	C0040	C0050
Aðrir liðir sem eftirlitsyfirvald samþykkti sem kjarnagjaldþol og ekki eru tilgreindir að ofan	R0180				
Gjaldþol sem tengist öðrum gjaldþolsliðum sem eftirlitsyfirvald samþykkti, sem ekki er til ráðstöfunar	R0190				
Hlutdeild minnihluta (ef ekki tilgreind sem hluti af sérstökum gjaldþolslið)	R0200				
Hlutdeild minnihluta, sem ekki er til ráðstöfunar á samstæðustigi	R0210				
Gjaldþol frá reikningsskilunum sem ætti ekki að vera hluti af afstemmingarvarasjóðnum og uppfyllir ekki viðmiðin til að flokkast sem gjaldþol samkvæmt Gjaldþolsáætlun II					
Gjaldþol frá reikningsskilunum sem ætti ekki að vera hluti af afstemmingarvarasjóðnum og uppfyllir ekki viðmiðin til að flokkast sem gjaldþol samkvæmt Gjaldþolsáætlun II	R0220				
Frádrættir					
Frádrættir vegna hlutdeilda í öðrum fjármálafyrirtækjum, þ.m.t. óeftirlitsskyldum félögum sem leggja stund á fjármálastarfsemi	R0230				
Þar af, frádrættir samkvæmt 228. gr. tilskipunar 2009/138/EB	R0240				
Frádrættir vegna hlutdeilda þar sem upplýsingar eru ekki tiltækar (229. gr.)	R0250				
Frádráttur vegna hlutdeilda sem teknar eru með í frádráttar- og samlagningaraðferðar þegar samsetning aðferða er notuð	R0260				
Gjaldþolsliðir alls, sem ekki eru til ráðstöfunar	R0270				
Heildafrádrættir	R0280				
Heildarkjarnagjaldþol eftir frádrætti	R0290				
Stuðningsgjaldþol					
Ógreitt og óinnheimt almennt hlutafé, innkallanlegt þegar krafist er	R0300				
Ógreitt og óinnheimt stofnfé, framlög félagsaðila eða jafngildi kjarnagjaldþolsliðurinn fyrir gagnkvæm félög og félög hliðstæðrar gerðar, innkallanleg þegar krafist er	R0310				
Ógreitt og óinnheimt forgangshlutafé, innkallanlegt þegar krafist er	R0320				
Bankaábyrgðir og tryggingar, aðrar en skv. 2. mgr. 96. gr. tilskipunar 2009/138/EB	R0350				

	Samtals	Páttur 1 — ótakmarkaður	Páttur 1 — takmarkaður	Páttur 2	Páttur 3
	C0010	C0020	C0030	C0040	C0050
Bankaábyrgðir og tryggingar skv. 2. mgr. 96. gr. tilskipunar 2009/138/EB					
Viðbótariðgjald félagsaðila samkvæmt fyrstu undirgrein 3. mgr. 96. gr. tilskipunar 2009/138/EB					
Viðbótariðgjald félagsaðila — annað en samkvæmt fyrstu undirgrein 3. mgr. 96. gr. tilskipunar 2009/138/EB					
Stuðningsgjaldþol, sem ekki er til ráðstöfunar á samstæðustigi					
Annað stuðningsgjaldþol					
Heildarstuðningsgjaldþol					
Gjaldþol í öðrum fjármálageirum					
Afstemmingarvarasjóður					
Stofnanir um starfstengdan lífeyri					
Óeftirlitsskyld félög sem leggja stund á fjármálastarfsemi					
Heildargjaldþol fyrir aðra fjármálageira					
Gjaldþol þegar frádráttar- og samlagningaraðferð er notuð eingöngu eða með samsetningu aðferða 1					
Samtala gjaldþols þegar frádráttar- og samlagningaraðferð og samsetning aðferða er notuð					
Samtala gjaldþols þegar frádráttar- og samlagningaraðferð og samsetning aðferða er notuð, að frádregnum viðskiptum innan samstæðu					
Gjaldþol alls, sem er til ráðstöfunar til að uppfylla gjaldþolskröfu (samstæðu) á samstæðugrundvelli (að undanskildu gjaldþoli frá öðrum fjármálageira og frá félögum sem tekin eru með í frádráttar- og samlagningaraðferðina)					
Gjaldþol alls, sem er til ráðstöfunar til að uppfylla lágmarksgjaldþolskröfu (samstæðu) á samstæðugrundvelli					
Hæft gjaldþol alls til að uppfylla gjaldþolskröfu (samstæðu) á samstæðugrundvelli (að undanskildu gjaldþoli frá öðrum fjármálageira og frá félögum sem tekin eru með í frádráttar- og samlagningaraðferðina)					

R0340

R0360

R0370

R0380

R0390

R0400

R0410

R0420

R0430

R0440

R0450

R0460

R0520

R0530

R0560

Samtals	Páttur 1 — ótakmarkaður	Páttur 1 — takmarkaður	Páttur 2	Páttur 3
C0010	C0020	C0030	C0040	C0050
Hæft gjaldþol alls til að uppfylla lágmarksgjaldþolskröfu (samstæðu) á samstæðugrundvelli				
Lágmarksgjaldþolskrafa (samstæðu) á samstæðugrundvelli				
Hlutfall hæfs gjaldþols á móti lágmarksgjaldþolskröfu (samstæðu) á samstæðugrundvelli				
Hæft gjaldþol alls til að uppfylla gjaldþolskröfu samstæðu (að meðtöldu gjaldþoli frá öðrum fjármálageira og frá félögum sem tekin eru með í frádráttar- og samlagningaraðferðina)				
Gjaldþolskrafa samstæðu				
Hlutfall hæfs gjaldþols á móti gjaldþolskröfu samstæðu að meðtöldum öðrum fjármálageirum og félögum sem tekin eru með í frádráttar- og samlagningaraðferðina				
Afstemmingarvarasjóður				
Eignir umfram skuldir				
Eigin hlutabréf (í beinni og óbeinni eigu)				
Fyrirsjáanlegar arðgreiðslur, úthlutanir og gjöld				
Aðrir kjarnagjaldþolsliðir				
Aðlaganir fyrir takmarkaða gjaldþolsliði að því er varðar eignasöfn, aðlöguð vegna samræmingar og varða sjóði				
Annað gjaldþol, sem ekki er til ráðstöfunar				
Afstemmingarvarasjóður fyrir frádrátt vegna hlutdeilda í öðrum fjármálageira				
Væntur hagnaður				
Væntur hagnaður innifalinn í framtíðariðgjöldum (EPIFP) — líftryggingastarfsemi				
Væntur hagnaður innifalinn í framtíðariðgjöldum (EPIFP) — skaðatryggingastarfsemi				
Væntur heildarhagnaður innifalinn í framtíðariðgjöldum (EPIFP)				

Samtals	Páttur 1 — ótakmarkaður	Páttur 1 — takmarkaður	Páttur 2	Páttur 3
C0010	C0020	C0030	C0040	C0050
R0570				
R0610				
R0650				
R0660				
R0680				
R0690				

C0060				
R0700				
R0710				
R0720				
R0730				
R0740				
R0750				
R0760				
R0770				
R0780				
R0790				

S.25.01.21

Gjaldþolskrafa — fyrir félög sem nota staðalregluna

- Markaðsáhætta
- Mótaðilaáhætta
- Líftryggingaáhætta
- Heilsuþryggingaáhætta
- Skaðatryggingaáhætta
- Fjölbætting
- Áhætta af óefnislegum eignum

Grunngjaldþolskrafa

Útreikningur á gjaldþolskröfu

- Rekstraráhætta
- Tapgleypni váttryggingaskuldar
- Tapgleypni frestaðs skatts
- Gjaldþolskrafa fyrir starfsemi sem starfrækt er í samræmi við 4. gr. tilskipunar 2003/41/EB

Gjaldþolskrafa að undanskildu viðbótargjaldþoli

Viðbótargjaldþol sem þegar hefur verið ákveðið

Gjaldþolskrafa

Aðrar upplýsingar um gjaldþolskröfu

Gjaldþolskrafa fyrir undireiningu hlutabréfaáhættu sem byggist á líftíma

- Heildarfjárhæð á ígildi gjaldþolskröfu fyrir eftirstæðan hluta
- Heildarfjárhæð á ígildi gjaldþolskrafna fyrir varða sjóði
- Heildarfjárhæð á ígildi gjaldþolskrafna fyrir eignasöfn, aðlöguð vegna samræmingar
- Fjölbættingaráhrif vegna samtölu ígildis gjaldþolskröfu fyrir varinn sjóð að því er varðar 304. gr.

	Verg gjaldþolskrafa	Eigin stiki váttrygginga-félags	Einfaldanir
	C0110	C0090	C0100
R0010			
R0020			
R0030			
R0040			
R0050			
R0060			
R0070			
R0100			

	C0100
R0130	
R0140	
R0150	
R0160	
R0200	
R0210	
R0220	
	
R0400	
R0410	
R0420	
R0430	
R0440	

S.25.01.22

Gjaldþolskrafa — fyrir samstæður sem nota staðalregluna

Markaðsáhætta
 Mótaðilaáhætta
 Líftryggingaáhætta
 Heilsutryggingaáhætta
 Skaðatryggingaáhætta
 Fjölbætting
 Áhætta af óefnislegum eignum

Grunngjaldþolskrafa

Útreikningur á gjaldþolskröfu

Rekstraráhætta
 Tapgleypni váttryggingaskuldar
 Tapgleypni frestaðs skatts
 Gjaldþolskrafa fyrir starfsemi sem starfrækt er í samræmi við 4. gr. tilskipunar 2003/41/EB

Gjaldþolskrafa að undanskildu viðbótargjaldþoli

Viðbótargjaldþol sem þegar hefur verið ákveðið

Gjaldþolskrafa

Aðrar upplýsingar um gjaldþolskröfu

Gjaldþolskrafa fyrir undireiningu hlutabréfaáhættu sem byggist á líftíma
 Heildarfjárhæð á ígildi gjaldþolskrafna fyrir eftirstæðan hluta
 Heildarfjárhæð á ígildi gjaldþolskrafna fyrir varða sjóði
 Heildarfjárhæð á ígildi gjaldþolskrafna fyrir eignasöfn, aðlöguð vegna samræmingar
 Fjölbættingaráhrif vegna samtölu ígildis gjaldþolskröfu fyrir varinn sjóð að því er varðar 304. gr.

	Verg gjaldþolskrafa	Eigin stiki váttrygginga-félags	Einfaldanir
	C0110	C0080	C0090
R0010			
R0020			
R0030			
R0040			
R0050			
R0060			
R0070			
R0100			

	C0100
R0130	
R0140	
R0150	
R0160	
R0200	
R0210	
R0220	
R0400	
R0410	
R0420	
R0430	
R0440	

Lágmarksgjaldþolskrafa (samstæðu) á samstæðugrundvelli

Upplýsingar um aðrar einingar

Gjaldþolskrafa fyrir aðra fjármálageira (gjaldþolskröfur sem ekki snúa að tryggingum)

Gjaldþolskrafa fyrir aðra fjármálageira (gjaldþolskröfur sem ekki snúa að tryggingum) — lánastofnanir, verðbréfafyrirtæki og fjármálastofnanir, rekstraraðilar sérhæfðra sjóða, rekstrarfélög verðbréfasjóða

Gjaldþolskrafa fyrir aðra fjármálageira (gjaldþolskröfur sem ekki snúa að tryggingum) — stofnanir um starfstengdan lífeyri

Gjaldþolskrafa fyrir aðra fjármálageira (gjaldþolskröfur sem ekki snúa að tryggingum) — gjaldþolskrafa fyrir óeftirlitsskyld félög sem leggja stund á fjármálastarfsemi

Gjaldþolskrafa fyrir hlutdeild í óeftirlitsskyldum félögum

Gjaldþolskrafa fyrir eftirstæð félög

Gjaldþolskrafa í heild

Gjaldþolskrafa fyrir félög sem tekin eru með í frádráttar- og samlagningaraðferð

Gjaldþolskrafa

Verg gjaldþolskrafa	Eigin stiki vátrygginga- félags	Einfaldanir
C0110	C0080	C0090
R0470		
R0500		
R0510		
R0520		
R0530		
R0540		
R0550		
R0560		
R0570		

Einkvæmt númer efnisþátta	Lýsing efnisþátta	Útreikningur á gjaldþolskröfunni	Fjárhæð sem meðhöndluð er í líkaninu	Eigin stiki váttrygginga-félags	Einfaldanir
C0010	C0020	C0030	C0070	C0080	C0090
Lágmarksgjaldþolskrafa (samstæðu) á samstæðugrundvelli	R0470				
Upplýsingar um aðrar einingar					
Gjaldþolskrafa fyrir aðra fjármálageira (gjaldþolskröfur sem ekki snúa að tryggingum)	R0500				
Gjaldþolskrafa fyrir aðra fjármálageira (gjaldþolskröfur sem ekki snúa að tryggingum) — lánastofnanir, verðbréfafyrirtæki og fjármálastofnanir, rekstraraðilar sérhæfðra sjóða, rekstrarfélög verðbréfasjóða	R0510				
Gjaldþolskrafa fyrir aðra fjármálageira (gjaldþolskröfur sem ekki snúa að tryggingum) — stofnanir um starfstengdan lífeyri	R0520				
Gjaldþolskrafa fyrir aðra fjármálageira (gjaldþolskröfur sem ekki snúa að tryggingum) — gjaldþolskrafa fyrir óeftirlitsskyld félög sem leggja stund á fjármálastarfsemi	R0530				
Gjaldþolskrafa fyrir hlutdeild í óeftirlitsskyldum félögum	R0540				
Gjaldþolskrafa fyrir eftirstæð félög	R0550				
		C0100			
Gjaldþolskrafa í heild					
Gjaldþolskrafa fyrir félög sem tekin eru með í frádráttar- og samlagningaraðferð	R0560				
Gjaldþolskrafa	R0570				

S.25.03.21

Gjaldþolskrafa — fyrir félög sem nota alhliða líkön

Einkvæmt númer efnispátta	Lýsing efnispátta	Útreikningur á gjaldþolskröfunni
C0010	C0020	C0030

Útreikningur á gjaldþolskröfu

Ófjölþættir efnispættir alls

R0110

C0100

Fjölþætting

R0060

Gjaldþolskrafa fyrir starfsemi sem starfrækt er í samræmi við 4. gr. tilskipunar 2003/41/EB (umbreytingarráðstöfun)

R0160

Gjaldþolskrafa að undanskildu viðbótargjaldþoli

R0200

Viðbótargjaldþol sem þegar hefur verið ákveðið

R0210

Gjaldþolskrafa

R0220

Aðrar upplýsingar um gjaldþolskröfu

Fjárhæð/mat á heildartapgleypni váttryggingaskuldar

R0300

Fjárhæð/mat á heildartapgleypni frestaðs skatts

R0310

Heildarfjárhæð á ígildi gjaldþolskrafna fyrir eftirstæðan hluta

R0410

Heildarfjárhæð á ígildi gjaldþolskrafna fyrir varða sjóði (aðra en þá sem tengjast starfsemi sem starfrækt er í samræmi við 4. gr. tilskipunar 2003/41/EB (umbreytingarráðstöfun))

R0420

Heildarfjárhæð á ígildi gjaldþolskröfu fyrir eignasöfn, aðlöguð vegna samræmingar

R0430

Fjölþættingaráhrif vegna samtölu ígildis gjaldþolskröfu fyrir varinn sjóð að því er varðar 304. gr.

R0440

Einkvæmt númer efnispátta	Lýsing efnispátta	Útreikningur á gjaldþolskröfunni
C0010	C0020	C0030
Gjaldþolskrafa fyrir aðra fjármálageira (gjaldþolskröfur sem ekki snúa að tryggingum) — lánastofnanir, verðbréfafyrirtæki og fjármálastofnanir, rekstraraðilar sérhæfðra sjóða, rekstrarfélög verðbréfasjóða	R0510	
Gjaldþolskrafa fyrir aðra fjármálageira (gjaldþolskröfur sem ekki snúa að tryggingum) — stofnanir um starfstengdan lífeyri	R0520	
Gjaldþolskrafa fyrir aðra fjármálageira (gjaldþolskröfur sem ekki snúa að tryggingum) — gjaldþolskrafa fyrir óeftirlitsskyld félög sem leggja stund á fjármálastarfsemi	R0530	
Gjaldþolskrafa fyrir hlutdeild í óeftirlitsskyldum félögum	R0540	
Gjaldþolskrafa fyrir eftirstæð félög	R0550	

S.28.01.01**Krafa um lágmarksfjármagn — eingöngu líf- eða eingöngu skaðatrygginga- eða endurtryggingastarfsemi****Línulegur formúlubáttur fyrir skaðatrygginga- og skaðaendurtryggingaskuldbindingar**

Krafa um lágmarksfjármagn, MCR _{NL} Niðurstaða	C0010		
	R0010		
		Hreint besta mat og vátryggingaskuld (eftir endurtryggingasamning/félag með sérstakan tilgang), reiknuð út sem heild	Hrein bókfærð iðgjöld (eftir endurtryggingu) síðustu 12 mánuði
		C0020	C0030
Vátrygging vegna sjúkrakostnaðar og hlutfallsleg endurtrygging	R0020		
Vátrygging vegna tekjuverndar og hlutfallsleg endurtrygging	R0030		
Vátrygging vegna launþegabóta og hlutfallsleg endurtrygging	R0040		
Ábyrgðartrygging vélknúinna ökutækja og hlutfallsleg endurtrygging	R0050		
Aðrar ökutækjatrýggingar og hlutfallsleg endurtrygging	R0060		
Sjó-, flug- og farmtryggingar og hlutfallsleg endurtrygging	R0070		
Bruna- og önnur eignatjónstrygging og hlutfallsleg endurtrygging	R0080		
Almenn ábyrgðartrygging og hlutfallsleg endurtrygging	R0090		
Greiðslu- og efndatryggingar og hlutfallsleg endurtrygging	R0100		
Réttaraðstoðartrygging og hlutfallsleg endurtrygging	R0110		
Aðstoðartrygging og hlutfallsleg endurtrygging	R0120		
Vátrygging vegna ýmiss konar fjárhagstjóns og hlutfallsleg endurtrygging	R0130		
Óhlutfallsleg sjúkraendurtrygging	R0140		
Óhlutfallsleg slysaendurtrygging	R0150		
Óhlutfallslegar sjó-, flug- og farmtryggingar	R0160		
Óhlutfallsleg eignaendurtrygging	R0170		

Línulegur formúlubáttur fyrir líftrygginga- og lífendurtryggingaskuldbindingar

		C0040	
Krafa um lágmarksfjármagn, MCR _L Niðurstaða	R0200		
		Hreint besta mat og vátryggingaskuld (eftir endurtryggingasamning/ félag með sérstakan tilgang), reiknuð út sem heild	Hrein vátrygginga- fjárhæð alls (eftir endurtrygginga- samning/félag með sérstakan tilgang)
		C0050	C0060
Skuldbindingar með ágóðahlutdeild frá endurtryggjendum — tryggð ágóðahlutdeild	R0210		
Skuldbindingar með ágóðahlutdeild frá endurtryggjendum — valkvæð framtíðarágóðahlutdeild	R0220		
Vísitölu- og sjóðstengdar tryggingaskuldbindingar	R0230		
C0080 til C0140/R0330	Gjaldfærð tjón — verg — seld óhlutfallsleg endurtrygging	Gjaldfærð tjón á reikningsskilatímabilinu eins og, eftir atvikum, skilgreind eru í tilskipun 91/674/EBE: Gjaldfærðu tjónin merkja samtöluna á greiddu tjónunum og breytingunni í niðurfærslunni fyrir kröfur á fjárhagsárinu sem tengjast váttryggingasamningum sem stafa frá seldri óhlutfallslegri endurtryggingu. Undanskilja skal kostnað við meðferð krafna og breytingar í niðurfærslum á kostnaði við meðferð krafna.
C0080 til C0140/R0340	Gjaldfærð tjón — hlutdeild endurtryggjenda	Gjaldfærð tjón á reikningsskilatímabilinu eins og, eftir atvikum, skilgreind eru í tilskipun 91/674/EBE: Gjaldfærðu tjónin merkja hlutdeild endurtryggjenda í samtölu greiddu tjónanna og breytingunni í niðurfærslunni fyrir kröfur á fjárhagsárinu. Undanskilja skal kostnað við meðferð krafna og breytingar í niðurfærslum á kostnaði við meðferð krafna.

	REITUR	LEIÐBEININGAR
C0080 til C0140/R0400	Gjaldfærð tjón — hrein	Gjaldfærð tjón á reikningsskilatímabilinu eins og, eftir atvikum, skilgreind eru í tilskipun 91/674/EBE: Gjaldfærðu tjónin merkja samtöluna á greiddu tjónunum og breytingunni í niðurfærslunni fyrir kröfur á fjárhagsárinu sem tengjast samtölu frumtryggingastarfsemi og seldri endurtryggingastarfsemi, lækkuð með fjárhæðinni sem afsalað er til endurtryggingafélaga. Undanskilja skal kostnað við meðferð krafna og breytingar í niðurfærslum á kostnaði við meðferð krafna.
C0080 til C0140/R0410	Breytingar á annarri váttryggingaskuld — verg — frumtryggingastarfsemi	Breytingar á annarri váttryggingaskuld eins og, eftir atvikum, skilgreint er í tilskipun 91/674/EBE: Breytingar á annarri váttryggingaskuld fyrir vergu frumtryggingastarfsemina.
C0080 til C0140/R0420	Breytingar á annarri váttryggingaskuld — verg — seld hlutfallsleg endurtrygging	Breytingar á annarri váttryggingaskuld eins og, eftir atvikum, skilgreint er í tilskipun 91/674/EBE: Breytingar á annarri váttryggingaskuld fyrir vergu móttæknu hlutfallslegu endurtrygginguna.
C0080 til C0140/R0430	Breytingar á annarri váttryggingaskuld — verg — seld óhlutfallsleg endurtrygging	Breytingar á annarri váttryggingaskuld eins og, eftir atvikum, skilgreint er í tilskipun 91/674/EBE: Breytingar á annarri váttryggingaskuld fyrir vergu móttæknu óhlutfallslegu endurtrygginguna.
C0080 til C0140/R0440	Breytingar á annarri váttryggingaskuld — hlutdeild endurtryggjenda	Breytingar á annarri váttryggingaskuld eins og, eftir atvikum, skilgreint er í tilskipun 91/674/EBE: Breytingar á annarri váttryggingaskuld sem tengist fjárhæðunum sem afsalað er til endurtryggjenda.
C0080 til C0140/R0500	Breytingar á annarri váttryggingaskuld — hrein	Breytingar á annarri váttryggingaskuld eins og, eftir atvikum, skilgreint er í tilskipun 91/674/EBE: Hreina fjárhæðin á breytingum í annarri váttryggingaskuld stendur fyrir samtöluna á frumtryggingastarfsemi og seldri endurtryggingastarfsemi, lækkuð með fjárhæðinni sem afsalað er til endurtryggingafélaga.
C0080 til C0140/R0550	Útgjöld sem stofnað er til	Öll váttryggingatengd útgjöld sem samstæðan stofnar til á reikningsskilatímabilinu, á rekstrargrunni.
C0140/R1200	Önnur útgjöld	Önnur váttryggingatengd útgjöld sem framangreind útgjöld ná ekki yfir og ekki er skipt eftir atvinnugreinum. Ættu ekki að innihalda útgjöld sem ekki eru váttryggingatengd, eins og skatt, vaxtakostnað, sölutap, o.s.frv.
C0140/R1300	Heildarútgjöld	Fjárhæð allra váttryggingatengdra útgjalda sem svara til landa sem þetta sniðmát nær yfir.

Líftryggingaskuldbindingar

C0160 til C0200/R1400	Hæstu 5 löndin (eftir fjárhæð vergra bókfærðra iðgjalda) — líftryggingaskuldbindingar	Auðkenna skal ISO 3166–1 alpha–2 kóði landanna sem líftryggingaskuldbindingarnar eru birtar um.
--------------------------	---	---

	REITUR	LEIÐBEININGAR
C0220 til C0280/R1410	Bókfærð iðgjöld — verg	Skilgreining á bókfærðum iðgjöldum sem, eftir atvikum, mælt er fyrir um við beitingu tilskipunar 91/674/EBE: Verg bókfærð iðgjöld skulu samanstanda af öllum gjaldföllum fjárhæðum á fjárhagsárinu að því er varðar váttryggingasamninga, sem stafa frá vergri tryggingastarfsemi, án tillits til þeirrar staðreyndar að slíkar fjárhæðir geta að öllu leyti eða hluta tengst seinna fjárhagsári.
C0220 til C0280/R1420	Bókfærð iðgjöld — hlutdeild endurtryggjenda	Skilgreining á bókfærðum iðgjöldum sem, eftir atvikum, mælt er fyrir um við beitingu tilskipunar 91/674/EBE: Verg bókfærð iðgjöld skulu samanstanda af öllum fjárhæðum sem afsalað er til endurtryggjenda á fjárhagsárinu að því er varðar váttryggingasamninga, án tillits til þeirrar staðreyndar að slíkar fjárhæðir geta að öllu leyti eða hluta tengst seinna fjárhagsári.
C0220 til C0280/R1500	Bókfærð iðgjöld — hrein	Skilgreining á bókfærðu iðgjaldi sem, eftir atvikum, mælt er fyrir um við beitingu tilskipunar 91/674/EBE: Hrein bókfærð iðgjöld standa fyrir samtöluna á frumtryggingastarfsemi og seldri endurtryggingastarfsemi, lækkuð með fjárhæðinni sem afsalað er til endurtryggingafélaga.
C0220 til C0280/R1510	Iðgjöld tímabilsins — verg	Skilgreining á iðgjöldum tímabilsins sem, eftir atvikum, mælt er fyrir um í tilskipun 91/674/EBE: Samtalan á vergu bókfærðu iðgjöldunum að frádreginni breytingunni í verga váttryggingasjóðnum fyrir iðgjaldaskuldir sem tengjast frumtryggingastarfsemi og vergri seldri endurtryggingastarfsemi.
C0220 til C0280/R1520	Iðgjöld tímabilsins — hlutdeild endurtryggjenda	Skilgreining á iðgjöldum tímabilsins sem, eftir atvikum, mælt er fyrir um í tilskipun 91/674/EBE: Hlutdeild endurtryggjenda í vergu bókfærðu iðgjöldunum að frádreginni breytingunni í hlutdeild endurtryggjandans í váttryggingasjóði fyrir iðgjaldaskuldir.
C0220 til C0280/R1600	Iðgjöld tímabilsins — hrein	Skilgreining á iðgjöldum tímabilsins sem, eftir atvikum, mælt er fyrir um í tilskipun 91/674/EBE: Samtalan á vergu bókfærðu iðgjöldunum að frádreginni breytingunni í verga váttryggingasjóðnum fyrir iðgjaldaskuldir sem tengjast samtölunni á frumtryggingastarfsemi og seldri endurtryggingastarfsemi, lækkuð með fjárhæðinni sem afsalað er til endurtryggingafélaga.
C0220 til C0280/R1610	Gjaldfærð tjón — verg	Gjaldfærð tjón á reikningsskilatímabilinu eins og, eftir atvikum, skilgreind eru í tilskipun 91/674/EBE: Gjaldfærðu tjónin merkja samtöluna á greiddu tjónunum og breytingunni í niðurfærslunni fyrir kröfur á fjárhagsárinu sem tengjast váttryggingasamningum sem stafa frá vergri frumtryggingastarfsemi og endurtryggingastarfsemi. Undanskilja skal kostnað við meðferð krafna og breytingar í niðurfærslum á kostnaði við meðferð krafna.
C0220 til C0280/R1620	Gjaldfærð tjón — hlutdeild endurtryggjenda	Gjaldfærð tjón á reikningsskilatímabilinu eins og, eftir atvikum, skilgreind eru í tilskipun 91/674/EBE: Hlutdeild endurtryggjenda í samtölunni á greiddu tjónunum og breytingunni í niðurfærslunni fyrir kröfur á fjárhagsárinu. Undanskilja skal kostnað við meðferð krafna og breytingar í niðurfærslum á kostnaði við meðferð krafna.

	REITUR	LEIÐBEININGAR
C0220 til C0280/R1700	Gjaldfærð tjón — hrein	Gjaldfærð tjón á reikningsskilatímabilinu eins og, eftir atvikum, skilgreind eru í tilskipun 91/674/EBE: Gjaldfærðu tjónin merkja samtöluna á greiddu tjónunum og breytingunni í niðurfærslunni fyrir kröfur á fjárhagsárinu sem tengjast samtölu frumtryggingastarfsemi og seldri endurtryggingastarfsemi, lækkuð með fjárhæðinni sem afsalað er til endurtryggingafélaga. Undanskilja skal kostnað við meðferð krafna og breytingar í niðurfærslum á kostnaði við meðferð krafna.
C0220 til C0280/R1710	Breytingar á annarri váttryggingaskuld — verg — frumtryggingastarfsemi og seld endurtrygging	Skilgreining á breytingum á annarri váttryggingaskuld sem, eftir atvikum, mælt er fyrir um í tilskipun 91/674/EBE: Breytingar á annarri váttryggingaskuld sem tengist váttryggingasamningum sem stafa frá vergri frumtryggingastarfsemi og endurtryggingastarfsemi.
C0220 til C0280/R1720	Breyting á annarri váttryggingaskuld — hlutdeild endurtryggjenda	Skilgreining á breytingum á annarri váttryggingaskuld sem, eftir atvikum, mælt er fyrir um í tilskipun 91/674/EBE: Hlutdeild endurtryggjenda í breytingum á annarri váttryggingaskuld.
C0220 til C0280/R1800	Breyting á annarri váttryggingaskuld — hrein	Skilgreining á breytingum á annarri váttryggingaskuld sem, eftir atvikum, mælt er fyrir um í tilskipun 91/674/EBE: Hreinu breytingarnar á annarri váttryggingaskuld sem tengist samtöllum á frumtryggingastarfsemi og seldri endurtryggingastarfsemi, lækkuð með fjárhæðinni sem afsalað er til endurtryggingafélaga.
C0220 til C0280/R1900	Útgjöld sem stofnað er til	Öll váttryggingatengd útgjöld sem samstæðan stofnar til á reikningsskilatímabilinu, á rekstrargrunni.
C0280/R2500	Önnur útgjöld	Önnur váttryggingatengd útgjöld sem framangreind útgjöld ná ekki yfir og ekki er skipt eftir atvinnugreinum. Ættu ekki að innihalda útgjöld sem ekki eru váttryggingatengd, eins og skatt, vaxtakostnað, sölutap, o.s.frv.
C0280/R2600	Heildarútgjöld	Fjárhæð allra váttryggingatengdra útgjalda sem svara til landa sem þetta sniðmát nær yfir.

S.22.01 — Áhrif af langtímaábyrgð og umbreytingarráðstöfunum

Almennar athugasemdir:

Þessi þáttur varðar árlega birtingu upplýsinga fyrir samstæður.

Þetta sniðmát á við þegar félag, sem fellur undir gildissvið samstæðueftirlits, notar a.m.k. eina langtímaábyrgð eða umbreytingarráðstöfun.

Þetta sniðmát skal endurspeglja áhrifin á fjárhagsstöðuna þegar umbreytingarráðstöfun er ekki notuð og hver langtímaábyrgð eða umbreytingarráðstöfun er núll. Í þeim tilgangi ætti að fylgja áfangaskiptri aðferð með því að undanskilja hverja umbreytingarráðstöfun og langtímaábyrgð fyrir sig og án þess að endurreikna áhrifin af eftirstandandi ráðstöfun eftir hvern áfanga.

Áhrifin þurfa að vera birt sem jákvætt gildi ef þau hækka fjárhæðina á liðnum sem birtur er og sem neikvætt gildi ef þau lækka fjárhæðina á liðnum (þ.e. ef fjárhæð gjaldþolskröfunnar hækkar eða ef fjárhæð gjaldþolsins hækkar þá ætti að birta jákvætt gildi.).

Fjárhæðirnar sem birtar eru í þessu sniðmáti skulu vera að frádregnum viðskiptum innan samstæðu.

	REITUR	LEIÐBEININGAR
Vátryggingaskuld		
C0010/R0010	Fjárhæð með langtíma-ábyrgðum og umbreytingarráðstöfunum — vátryggingaskuld	Heildarfjárhæð vátryggingaskuldar að meðtöldum langtímaábyrgðum (LTG) og umbreytingarráðstöfunum
C0030/R0010	Áhrifin af umbreytingarráðstöfun á vátryggingaskuld — vátryggingaskuld	Fjárhæð fyrir leiðréttinguna á vátryggingaskuldinni vegna beitingar umbreytingarfrádráttarins á vátryggingaskuld. Hún skal vera mismunurinn á milli vátryggingaskuldarinnar án umbreytingarfrádráttar á vátryggingaskuld og vátryggingaskuldarinnar með langtímaábyrgðum og umbreytingarráðstöfunum.
C0050/R0010	Áhrifin af umbreytingarráðstöfun á vexti — vátryggingaskuld	Fjárhæð fyrir leiðréttinguna á vátryggingaskuldinni vegna beitingar aðlögunarinnar á viðeigandi áhættulausan vaxtaferil. Hún skal vera mismunurinn á milli vátryggingaskuldarinnar án umbreytingaradlögunar á viðeigandi áhættulausan vaxtaferil og vátryggingaskuldarinnar með langtímaábyrgðum og umbreytingarráðstöfunum.
C0070/R0010	Áhrifin af aðlögun vegna óstöðugleika sett á núll — vátryggingaskuld	Fjárhæð fyrir leiðréttinguna á vátryggingaskuldinni vegna beitingar aðlögunar vegna óstöðugleika. Hún skal endurspegla áhrifin af að setja aðlögunina vegna óstöðugleika á núll. Hún skal vera mismunurinn á milli vátryggingaskuldarinnar án aðlögunar vegna óstöðugleika og án annarra umbreytingarráðstafana og hámarksins á milli vátryggingaskuldarinnar með langtímaábyrgðum og umbreytingarráðstöfunum, vátryggingaskuldar án umbreytingarfrádráttar á vátryggingaskuld og vátryggingaskuldar án umbreytingaraðlögunar á viðeigandi áhættulausan vaxtaferil.
C0090/R0100	Áhrifin af aðlögun vegna samræmingar sett á núll — vátryggingaskuld	Fjárhæð fyrir leiðréttinguna á vátryggingaskuldinni vegna beitingar aðlögunar vegna samræmingar. Hún skal endurspegla áhrifin af að setja aðlögunina vegna óstöðugleika og aðlögunina vegna samræmingar á núll. Hún skal vera mismunurinn á milli vátryggingaskuldarinnar án aðlögunar vegna samræmingar og án allra annarra umbreytingarráðstafana og hámarksins á milli vátryggingaskuldarinnar með langtímaábyrgðum og umbreytingarráðstöfunum, vátryggingaskuldar án umbreytingarfrádráttar á vátryggingaskuld, vátryggingaskuldar án umbreytingaraðlögunar á viðeigandi áhættulausan vaxtaferil og vátryggingaskuldar án aðlögunar vegna óstöðugleika og án annarra umbreytingarráðstafana.

	REITUR	LEIÐBEININGAR
C0010/R0020	Fjárhæð með langtíma- ábyrgðum og umbreytingar- ráðstöfunum — kjarna- gjaldþol	Heildarfjárhæð kjarnagjaldþols, reiknuð út að teknu tilliti til váttryggingaskuldar að meðtöldum aðlögununum vegna langtímaábyrgða og umbreytingarráðstafana
C0030/R0020	Áhrifin af umbreytingar- ráðstöfun á váttrygginga- skuld — kjarnagjaldþol	Fjárhæð fyrir leiðréttinguna á kjarnagjaldþolinu vegna beitingar umbreytingarfrádráttarins á váttryggingaskuld. Hún skal vera mismunurinn á milli kjarnagjaldþolsins, reiknað út að teknu tilliti til váttryggingaskuldar án umbreytingarfrádráttar á váttryggingaskuld og að teknu tilliti til váttryggingaskuldar með langtímaábyrgðum og umbreytingarráðstöfunum.
C0050/R0020	Áhrifin af umbreytingar- ráðstöfun á vexti — kjarnagjaldþol	Fjárhæð fyrir leiðréttinguna á kjarnagjaldþolinu vegna beitingar umbreytingaraðlögunarinnar á viðeigandi áhættulausan vaxtaferil. Hún skal vera mismunurinn á milli kjarnagjaldþolsins, reiknuð út að teknu tilliti til váttryggingaskuldar án umbreytingaraðlögunar á viðeigandi áhættulausan vaxtaferil og að teknu tilliti til váttryggingaskuldar með langtímaábyrgðum og umbreytingarráðstöfunum.
C0070/R0020	Áhrifin af aðlögun vegna óstöðugleika sett á núll — kjarnagjaldþol	Fjárhæð fyrir leiðréttinguna á kjarnagjaldþolinu vegna beitingar aðlögunar vegna óstöðugleika. Hún skal endurspegla áhrifin af að setja aðlögunina vegna óstöðugleika á núll. Hún skal vera mismunurinn á milli kjarnagjaldþolsins að teknu tilliti til váttryggingaskuldar án aðlögunar vegna óstöðugleika og án annarra umbreytingarráðstafana og hámarksins á milli kjarnagjaldþolsins að teknu tilliti til váttryggingaskuldar með langtímaábyrgðum og umbreytingarráðstöfunum, váttryggingaskuldar án umbreytingarfrádráttar á váttryggingaskuld og váttryggingaskuldar án umbreytingaraðlögunar á viðeigandi áhættulausan vaxtaferil.
C0090/R0020	Áhrifin af aðlögun vegna samræmingar sett á núll — kjarnagjaldþol	Fjárhæð fyrir leiðréttinguna á kjarnagjaldþolinu vegna beitingar aðlögunar vegna samræmingar. Hún skal endurspegla áhrifin af að setja aðlögunina vegna óstöðugleika og aðlögunina vegna samræmingar á núll. Hún skal vera mismunurinn á milli kjarnagjaldþolsins að teknu tilliti til váttryggingaskuldar án aðlögunar vegna samræmingar og án allra annarra umbreytingarráðstafana og hámarksins á milli kjarnagjaldþolsins að teknu tilliti til váttryggingaskuldar með langtímaábyrgðum og umbreytingarráðstöfunum, váttryggingaskuldar án umbreytingarfrádráttar á váttryggingaskuld, váttryggingaskuldar án umbreytingaraðlögunar á viðeigandi áhættulausan vaxtaferil og váttryggingaskuldar án aðlögunar vegna óstöðugleika og án annarra umbreytingarráðstafana.

	REITUR	LEIÐBEININGAR
C0010/R0050	Fjárhæð með langtímaábyrgðum og umbreytingarráðstöfunum — hæft gjaldþol til að uppfylla gjaldþolskröfuna	Heildarfjárhæð hæfs gjaldþols til að uppfylla gjaldþolskröfuna (SCR), reiknuð út að teknu tilliti til váttryggingaskuldar að meðtöldum aðlögununum vegna langtímaábyrgða og umbreytingarráðstafana.
C0030/R0050	Áhrifin af umbreytingarráðstöfun á váttryggingaskuld — hæft gjaldþol til að uppfylla gjaldþolskröfuna	Fjárhæð fyrir leiðréttinguna á hæfa gjaldþolinu til að uppfylla gjaldþolskröfuna vegna beitingar umbreytingarfrádráttarins á váttryggingaskuld. Hún skal vera mismunurinn á milli hæfa gjaldþolsins til að uppfylla gjaldþolskröfuna, reiknuð út að teknu tilliti til váttryggingaskuldar án umbreytingarfrádráttar á váttryggingaskuld og að teknu tilliti til váttryggingaskuldar með langtímaábyrgðum og umbreytingarráðstöfunum.
C0050/R0050	Áhrifin af umbreytingarráðstöfun á vexti — hæft gjaldþol til að uppfylla gjaldþolskröfuna	Fjárhæð fyrir leiðréttinguna á hæfa gjaldþolinu til að uppfylla gjaldþolskröfuna vegna beitingar umbreytingaraðlögunarinnar á viðeigandi áhættulausan vaxtaferil. Hún skal vera mismunurinn á milli hæfa gjaldþolsins til að uppfylla gjaldþolskröfuna, reiknuð út að teknu tilliti til váttryggingaskuldar án umbreytingaraðlögunar á viðeigandi áhættulausan vaxtaferil og að teknu tilliti til váttryggingaskuldar með langtímaábyrgðum og umbreytingarráðstöfunum.
C0070/R0050	Áhrifin af aðlögun vegna óstöðugleika sett á núll — hæft gjaldþol til að uppfylla gjaldþolskröfuna	Fjárhæð fyrir leiðréttinguna á hæfa gjaldþolinu til að uppfylla gjaldþolskröfuna vegna beitingar aðlögunar vegna óstöðugleika. Hún skal endurspeglar áhrifin af að setja aðlögunina vegna óstöðugleika á núll. Hún skal vera mismunurinn á milli hæfa gjaldþolsins til að uppfylla gjaldþolskröfuna að teknu tilliti til váttryggingaskuldar án aðlögunar vegna óstöðugleika og án annarra umbreytingarráðstafana og hámarksins á milli hæfa gjaldþolsins til að uppfylla gjaldþolskröfuna að teknu tilliti til váttryggingaskuldar með langtímaábyrgðum og umbreytingarráðstöfunum, váttryggingaskuldar án umbreytingarfrádráttar á váttryggingaskuld og váttryggingaskuldar án umbreytingaraðlögunar á viðeigandi áhættulausan vaxtaferil.
C0090/R0050	Áhrifin af aðlögun vegna samræmingar sett á núll — hæft gjaldþol til að uppfylla gjaldþolskröfuna	Fjárhæð fyrir leiðréttinguna á hæfa gjaldþolinu til að uppfylla gjaldþolskröfuna vegna beitingar aðlögunar vegna samræmingar. Hún skal endurspeglar áhrifin af að setja aðlögunina vegna óstöðugleika og aðlögunina vegna samræmingar á núll. Hún skal vera mismunurinn á milli hæfa gjaldþolsins til að uppfylla gjaldþolskröfuna að teknu tilliti til váttryggingaskuldar án aðlögunar vegna samræmingar og án allra annarra umbreytingarráðstafana og hámarksins á milli hæfa gjaldþolsins til að uppfylla gjaldþolskröfuna að teknu tilliti til váttryggingaskuldar með langtímaábyrgðum og umbreytingarráðstöfunum, váttryggingaskuldar án umbreytingarfrádráttar á váttryggingaskuld, váttryggingaskuldar án umbreytingaraðlögunar á viðeigandi áhættulausan vaxtaferil og váttryggingaskuldar án aðlögunar vegna óstöðugleika og án annarra umbreytingarráðstafana.

	REITUR	LEIÐBEININGAR
C0010/R0090	Fjárhæð með langtíma- ábyrgðum og umbreytingar- ráðstöfunum — gjald- þolskrafa	Heildarfjárhæð gjaldþolskröfu, reiknuð út að teknu tilliti til váttryggingaskuldar að meðtöldum aðlögununum vegna langtímaábyrgða og umbreytingarráðstafana
C0030/R0090	Áhrifin af umbreytingar- ráðstöfun á váttrygginga- skuld — gjaldþolskrafa	Fjárhæð fyrir leiðréttinguna á gjaldþolskröfunni vegna beitingar umbreytingarfrádráttarinnar á váttryggingaskuld. Hún skal vera mismunurinn á milli gjaldþolskröfunnar, reiknuð út að teknu tilliti til váttryggingaskuldar án umbreytingarfrádráttar á váttryggingaskuld og að teknu tilliti til váttryggingaskuldar með langtímaábyrgðum og umbreytingarráðstöfunum.
C0050/R0090	Áhrifin af umbreytingar- ráðstöfun á vexti — gjaldþolskrafa	Fjárhæð fyrir leiðréttinguna á gjaldþolskröfunni vegna beitingar umbreytingaraðlögunarinnar á viðeigandi áhættulausan vaxtaferil. Hún skal vera mismunurinn á milli gjaldþolskröfunnar, reiknuð út að teknu tilliti til váttryggingaskuldar án umbreytingaraðlögunar á viðeigandi áhættulausan vaxtaferil og að teknu tilliti til váttryggingaskuldar með langtímaábyrgðum og umbreytingarráðstöfunum.
C0070/R0090	Áhrifin af aðlögun vegna óstöðugleika sett á núll — gjaldþolskrafa	Fjárhæð fyrir leiðréttinguna á gjaldþolskröfunni vegna beitingar aðlögunar vegna óstöðugleika. Hún skal endurspegla áhrifin af að setja aðlögunina vegna óstöðugleika á núll. Hún skal vera mismunurinn á milli gjaldþolskröfunnar að teknu tilliti til váttryggingaskuldar án aðlögunar vegna óstöðugleika og án annarra umbreytingarráðstafana og hámarksins á milli gjaldþolskröfunnar að teknu tilliti til váttryggingaskuldar með langtímaábyrgðum og umbreytingarráðstöfunum, váttryggingaskuldar án umbreytingarfrádráttar á váttryggingaskuld og váttryggingaskuldar án umbreytingaraðlögunar á viðeigandi áhættulausan vaxtaferil.
C0090/R0090	Áhrifin af aðlögun vegna samræmingar sett á núll — gjaldþolskrafa	Fjárhæð fyrir leiðréttinguna á gjaldþolskröfunni vegna beitingar aðlögunar vegna samræmingar. Hún skal endurspegla áhrifin af að setja aðlögunina vegna óstöðugleika og aðlögunina vegna samræmingar á núll. Hún skal vera mismunurinn á milli gjaldþolskröfunnar, reiknuð út að teknu tilliti til váttryggingaskuldar án aðlögunar vegna samræmingar og án allra annarra umbreytingarráðstafana og hámarksins á milli gjaldþolskröfunnar að teknu tilliti til váttryggingaskuldar með langtímaábyrgðum og umbreytingarráðstöfunum, váttryggingaskuldar án umbreytingarfrádráttar á váttryggingaskuld, váttryggingaskuldar án umbreytingaraðlögunar á viðeigandi áhættulausan vaxtaferil og váttryggingaskuldar án aðlögunar vegna óstöðugleika og án annarra umbreytingarráðstafana.

S.23.01. Gjaldþol

Almennar athugasemdir:

Þessi þáttur varðar upphaflega, ársfjórðungslega og árlega birtingu upplýsinga fyrir samstæður.

Sniðmátið er notað fyrir allar þrjár útreikningsaðferðirnar fyrir gjaldþolskröfu samstæðu. Þar sem flestir liðanna eiga við um þann hluta samstæðunnar sem aðferð 1 nær yfir, eru liðirnir sem eiga við þegar frádráttar- og samlagningaraðferðin er notuð eða saman með aðferð 1 auðkenndir með skýrum hætti í leiðbeiningunum.

	REITUR	LEIÐBEININGAR
R0010/C0010	Almennt hlutafé (án frádráttar eigin hlutafjár) — alls	Þetta er allt almenna hlutaféð, bæði í beinni og óbeinni eigu (fyrir frádrátt eigin hlutafjár). Þetta er allt almennt hlutafé samstæðunnar, sem uppfyllir að fullu viðmiðanirnar fyrir liði þáttar 1 og þáttar 2. Sérhvert almennt hlutafé sem ekki uppfyllir að fullu viðmiðanirnar skal meðhöndlað sem forgangshlutafé og flokkað samkvæmt því, þrátt fyrir lýsingu eða tilgreiningu þess.
R0010/C0020	Almennt hlutafé (án frádráttar eigin hlutafjár) — þáttur 1, ótakmarkaður	Þetta er fjárhæðin á uppgreiddu almennur hlutafé sem uppfyllir viðmiðanirnar fyrir ótakmarkaðan þátt 1.
R0010/C0040	Almennt hlutafé (án frádráttar eigin hlutafjár) — þáttur 2	Þetta er fjárhæðin á innkölluðu almennu hlutafé sem uppfyllir viðmiðanirnar fyrir þátt 2.
R0020/C0010	Innkallað, en ekki greitt, almennt hlutafé, sem ekki er til ráðstöfunar á samstæðustigi — alls	Þetta er heildarfjárhæðin á innkölluðu, en ekki greiddu, almennu hlutafé sem telst ekki vera til ráðstöfunar, eins og skilgreint er í 2.–5. mgr. 222. gr. tilskipunar 2009/138/EB.
R0020/C0020	Innkallað, en ekki greitt, almennt hlutafé, sem ekki er til ráðstöfunar á samstæðustigi — þáttur 1, ótakmarkaður	Þetta er heildarfjárhæðin á innkölluðu, en ekki greiddu, almennu hlutafé sem telst ekki vera til ráðstöfunar, eins og skilgreint er í 2.–5. mgr. 222. gr. tilskipunar 2009/138/EB, sem uppfyllir viðmiðanirnar fyrir ótakmörkuðum þætti 1.
R0020/C0040	Innkallað, en ekki greitt, almennt hlutafé, sem ekki er til ráðstöfunar á samstæðustigi — þáttur 2	Þetta er fjárhæðin á innkölluðu, en ekki greiddu, almennu hlutafé sem telst ekki vera til ráðstöfunar, eins og skilgreint er í 2.–5. mgr. 222. gr. tilskipunar 2009/138/EB, sem uppfyllir viðmiðanirnar fyrir þátt 2.
R0030/C0010	Yfirverðsreikningur hlutafjár sem tengist almennu hlutafé — alls	Yfirverðsreikningur hlutafjár alls, sem tengist almennu hlutafé, sem uppfyllir að fullu viðmiðanirnar fyrir liði þáttar 1 og þáttar 2.
R0030/C0020	Yfirverðsreikningur hlutafjár sem tengist almennu hlutafé — þáttur 1, ótakmarkaður	Þetta er fjárhæðin á yfirverðsreikningi hlutafjár, sem tengist almennu hlutafé, sem uppfyllir viðmiðanirnar fyrir ótakmarkaðan þátt 1 vegna þess hún tengist almennu hlutafé sem meðhöndlað er sem ótakmarkaður þáttur 1.
R0030/C0040	Yfirverðsreikningur hlutafjár sem tengist almennu hlutafé — þáttur 2	Þetta er fjárhæðin á yfirverðsreikningi hlutafjár, sem tengist almennu hlutafé, sem uppfyllir viðmiðanirnar fyrir þátt 2 vegna þess hún tengist almennu hlutafé sem meðhöndlað er sem þáttur 2.
R0040/C0010	Stofnfé, framlög félagsaðila eða jafngildur kjarnagjaldþolsliður fyrir gagnkvæm félög og félög hliðstæðrar gerðar — alls	Stofnfé, framlög félagsaðila eða jafngildur kjarnagjaldþolsliður fyrir gagnkvæm félög og félög hliðstæðrar gerðar, sem uppfylla að fullu viðmiðanirnar fyrir liði þáttar 1 og þáttar 2.

	REITUR	LEIÐBEININGAR
R0040/C0020	Stofnfé, framlög félagsaðila eða jafngildur kjarnagjaldþolsliður fyrir gagnkvæm félög og félög hliðstæðrar gerðar — þáttur 1, ótakmarkaður	Þetta er fjárhæðin á stofnfé, framlögum félagsaðila eða jafngildum kjarnagjaldþolslið fyrir gagnkvæm félög og félög hliðstæðrar gerðar, sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir ótakmarkaðan þátt 1.
R0040/C0040	Stofnfé, framlög félagsaðila eða jafngildur kjarnagjaldþolsliður fyrir gagnkvæm félög og félög hliðstæðrar gerðar — þáttur 2	Þetta er fjárhæðin á stofnfé, framlögum félagsaðila eða jafngildum kjarnagjaldþolslið fyrir gagnkvæm félög og félög hliðstæðrar gerðar, sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir þátt 2.
R0050/C0010	Undirskipaðir gagnkvæmir reikningar félagsaðila — alls	Þetta er heildarfjárhæðin á undirskipuðum gagnkvæmum reikningum félagsaðila, sem uppfyllir að fullu viðmiðanirnar fyrir takmarkaðan þátt 1, þátt 2 eða liði þáttar 3.
R0050/C0030	Undirskipaðir gagnkvæmir reikningar félagsaðila — þáttur 1, takmarkaður	Þetta er fjárhæðin á undirskipuðum gagnkvæmum reikningum félagsaðila sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir takmarkaðan þátt 1.
R0050/C0040	Undirskipaðir gagnkvæmir reikningar félagsaðila — þáttur 2	Þetta er fjárhæðin á undirskipuðum gagnkvæmum reikningum félagsaðila sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir þátt 2.
R0050/C0050	Undirskipaðir gagnkvæmir reikningar félagsaðila — þáttur 3	Þetta er fjárhæðin á undirskipuðum gagnkvæmum reikningum félagsaðila sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir þátt 3.

	REITUR	LEIÐBEININGAR
R0060/C0010	Undirskipaðir gagnkvæmir reikningar félagsaðila, sem ekki eru til ráðstöfunar á samstæðustigi — alls	Þetta er heildarfjárhæðin á undirskipuðum gagnkvæmum reikningum félagsaðila sem teljast ekki vera til ráðstöfunar, eins og skilgreint er í 2.–5. mgr. 222. gr. tilskipunar 2009/138/EB.
R0060/C0030	Undirskipaðir gagnkvæmir reikningar félagsaðila, sem ekki eru til ráðstöfunar á samstæðustigi — þáttur 1, takmarkaður	Þetta er fjárhæðin á undirskipuðum gagnkvæmum reikningum félagsaðila sem teljast ekki vera til ráðstöfunar, eins og skilgreint er í 2.–5. mgr. 222. gr. tilskipunar 2009/138/EB, sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir takmörkuðum þætti 1.
R0060/C0040	Undirskipaðir gagnkvæmir reikningar félagsaðila, sem ekki eru til ráðstöfunar á samstæðustigi — þáttur 2	Þetta er fjárhæðin á undirskipuðum gagnkvæmum reikningum félagsaðila sem teljast ekki vera til ráðstöfunar, eins og skilgreint er í 2.–5. mgr. 222. gr. tilskipunar 2009/138/EB, sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir þátt 2.
R0060/C0050	Undirskipaðir gagnkvæmir reikningar félagsaðila, sem ekki eru til ráðstöfunar á samstæðustigi — þáttur 3	Þetta er fjárhæðin á undirskipuðum gagnkvæmum reikningum félagsaðila sem teljast ekki vera til ráðstöfunar, eins og skilgreint er í 2.–5. mgr. 222. gr. tilskipunar 2009/138/EB, sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir þátt 3.
R0070/C0010	Umframfjármunir — alls	Þetta er heildarfjárhæðin á umframfjármunum sem falla undir ákvæði 2. mgr. 91. gr. tilskipunar 2009/138/EB.
R0070/C0020	Umframfjármunir — þáttur 1, ótakmarkaður	Þetta eru umframfjármunirnir sem falla undir ákvæði 2. mgr. 91. gr. tilskipunar 2009/138/EB og sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir ótakmarkaða liði þáttar 1.
R0080/C0010	Umframfjármunir, sem ekki eru til ráðstöfunar á samstæðustigi — alls	Þetta er heildarfjárhæðin á umframfjármunum sem teljast ekki vera til ráðstöfunar, eins og skilgreint er í 2.–5. mgr. 222. gr. tilskipunar 2009/138/EB.
R0080/C0020	Umframfjármunir, sem ekki eru til ráðstöfunar á samstæðustigi — þáttur 1, ótakmarkaður	Þetta er fjárhæðin á umframfjármunum sem teljast ekki vera til ráðstöfunar, eins og skilgreint er í 2.–5. mgr. 222. gr. tilskipunar 2009/138/EB, sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir ótakmarkaða liði þáttar 1.

	REITUR	LEIÐBEININGAR
R0090/C0010	Forgangshlutfé — alls	Þetta er heildarfjárhæðin á útgefna forgangshlutfé, sem uppfyllir að fullu viðmiðanirnar fyrir takmarkaðan þátt 1, þátt 2 eða liði þáttar 3.
R0090/C0030	Forgangshlutfé — þáttur 1, takmarkaður	Þetta er fjárhæðin á útgefna forgangshlutfénu sem uppfyllir viðmiðanirnar fyrir takmarkaðan þátt 1.
R0090/C0040	Forgangshlutfé — þáttur 2	Þetta er fjárhæðin á útgefna forgangshlutfénu sem uppfyllir viðmiðanirnar fyrir þátt 2.
R0090/C0050	Forgangshlutfé — þáttur 3	Þetta er fjárhæðin á útgefna forgangshlutfénu sem uppfyllir viðmiðanirnar fyrir þátt 3.
R0100/C0010	Forgangshlutfé, sem ekki er til ráðstöfunar á samstæðustigi	Þetta er heildarfjárhæðin á forgangshlutfé sem telst ekki vera til ráðstöfunar, eins og skilgreint er í 2.–5. mgr. 222. gr. tilskipunar 2009/138/EB.
R0100/C0030	Forgangshlutfé, sem ekki er til ráðstöfunar á samstæðustigi — þáttur 1, takmarkaður	Þetta er fjárhæðin á forgangshlutfé sem telst ekki vera til ráðstöfunar, eins og skilgreint er í 2.–5. mgr. 222. gr. tilskipunar 2009/138/EB, sem uppfyllir viðmiðanirnar fyrir takmarkaða liði þáttar 1.
R0100/C0040	Forgangshlutfé, sem ekki er til ráðstöfunar á samstæðustigi — þáttur 2	Þetta er fjárhæðin á forgangshlutfé sem telst ekki vera til ráðstöfunar, eins og skilgreint er í 2.–5. mgr. 222. gr. tilskipunar 2009/138/EB, sem uppfyllir viðmiðanirnar fyrir þátt 2.
R0100/C0050	Forgangshlutfé, sem ekki er til ráðstöfunar á samstæðustigi — þáttur 3	Þetta er fjárhæðin á forgangshlutfé sem telst ekki vera til ráðstöfunar, eins og skilgreint er í 2.–5. mgr. 222. gr. tilskipunar 2009/138/EB, sem uppfyllir viðmiðanirnar fyrir þátt 3.
R0110/C0010	Yfirverðsreikningur hlutfjár sem tengist forgangshlutfé — alls	Yfirverðsreikningur hlutfjár alls, sem tengist forgangshlutfé, sem uppfyllir að fullu viðmiðanirnar fyrir takmarkaðan þátt 1, þátt 2 eða liði þáttar 3.
R0110/C0030	Yfirverðsreikningur hlutfjár sem tengist forgangshlutfé — þáttur 1, takmarkaður	Þetta er fjárhæðin á yfirverðsreikningi hlutfjár sem tengist forgangshlutfé, sem uppfyllir viðmiðanirnar fyrir takmarkaða liði þáttar 1 vegna þess hún tengist forgangshlutfé sem meðhöndlað er sem takmarkaðir liðir þáttar 1.
R0110/C0040	Yfirverðsreikningur hlutfjár sem tengist forgangshlutfé — þáttur 2	Þetta er fjárhæðin á yfirverðsreikningi hlutfjár sem tengist forgangshlutfé, sem uppfyllir viðmiðanirnar fyrir þátt 2 vegna þess hún tengist forgangshlutfé sem meðhöndlað er sem þáttur 2.
R0110/C0050	Yfirverðsreikningur hlutfjár sem tengist forgangshlutfé — þáttur 3	Þetta er fjárhæðin á yfirverðsreikningi hlutfjár sem tengist forgangshlutfé, sem uppfyllir viðmiðanirnar fyrir þátt 3 vegna þess hún tengist forgangshlutfé sem meðhöndlað er sem þáttur 3.
R0120/C0010	Yfirverðsreikningur hlutfjár sem tengist forgangshlutfé, sem ekki er til ráðstöfunar á samstæðustigi — alls	Þetta er heildarfjárhæðin á yfirverðsreikningi hlutfjár sem tengist forgangshlutfé sem telst ekki vera til ráðstöfunar, eins og skilgreint er í 2.–5. mgr. 222. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

	REITUR	LEIÐBEININGAR
R0120/C0030	Yfirverðsreikningur hlutafjár sem tengist forgangshlutfé, sem ekki er til ráðstöfunar á samstæðustigi — þáttur 1, takmarkaður	Þetta er fjárhæðin á yfirverðsreikningi hlutafjár sem tengist forgangshlutfé, sem telst ekki vera til ráðstöfunar, eins og skilgreint er í 2.–5. mgr. 222. gr. tilskipunar 2009/138/EB, og uppfyllir viðmiðanirnar fyrir takmarkaða liði þáttar 1.
R0120/C0040	Yfirverðsreikningur hlutafjár sem tengist forgangshlutfé, sem ekki er til ráðstöfunar á samstæðustigi — þáttur 2	Þetta er fjárhæðin á yfirverðsreikningi hlutafjár sem tengist forgangshlutfé, sem telst ekki vera til ráðstöfunar, eins og skilgreint er í 2.–5. mgr. 222. gr. tilskipunar 2009/138/EB, og uppfyllir viðmiðanirnar fyrir þátt 2.
R0120/C0050	Yfirverðsreikningur hlutafjár sem tengist forgangshlutfé, sem ekki er til ráðstöfunar á samstæðustigi — þáttur 3	Þetta er fjárhæðin á yfirverðsreikningi hlutafjár sem tengist forgangshlutfé, sem telst ekki vera til ráðstöfunar, eins og skilgreint er í 2.–5. mgr. 222. gr. tilskipunar 2009/138/EB, og uppfyllir viðmiðanirnar fyrir þátt 3.
R0130/C0010	Afstemmingarvarasjóður — alls	Afstemmingarvarasjóðurinn alls samsvarar varasjóðum (þ.e. óráðstöfuðu eigin fé), að frádregnum leiðréttingum (sjóðum sem haldið er aðgreindum). Hann stafar aðallega af mismuninum á milli reikningsskilamats og mats samkvæmt 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB.
R0130/C0020	Afstemmingarvarasjóður — þáttur 1, ótakmarkaður	Afstemmingarvarasjóðurinn samsvarar varasjóðum (þ.e. óráðstöfuðu eigin fé), að frádregnum leiðréttingum (sjóðum sem haldið er aðgreindum). Hann stafar aðallega af mismuninum á milli reikningsskilamats og mats samkvæmt tilskipun 2009/138/EB.
R0140/C0010	Víkjandi skuldir — alls	Þetta er heildarfjárhæðin á víkjandi skuldum.
R0140/C0030	Víkjandi skuldir — þáttur 1, takmarkaður	Þetta er fjárhæðin á víkjandi skuldum sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir takmarkaða liði þáttar 1.
R0140/C0040	Víkjandi skuldir — þáttur 2	Þetta er fjárhæðin á víkjandi skuldum sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir þátt 2.
R0140/C0050	Víkjandi skuldir — þáttur 3	Þetta er fjárhæðin á víkjandi skuldum sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir þátt 3.
R0150/C0010	Víkjandi skuldir, sem ekki eru til ráðstöfunar á samstæðustigi — alls	Þetta er heildarfjárhæðin á víkjandi skuldum sem teljast ekki vera til ráðstöfunar, eins og skilgreint er í 2.–5. mgr. 222. gr. tilskipunar 2009/138/EB.
R0150/C0030	Víkjandi skuldir, sem ekki eru til ráðstöfunar á samstæðustigi — þáttur 1, takmarkaður	Þetta er fjárhæðin á víkjandi skuldum sem teljast ekki vera til ráðstöfunar, eins og skilgreint er í 2.–5. mgr. 222. gr. tilskipunar 2009/138/EB, sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir takmarkaða liði þáttar 1.
R0150/C0040	Víkjandi skuldir, sem ekki eru til ráðstöfunar á samstæðustigi — þáttur 2	Þetta er fjárhæðin á víkjandi skuldum sem teljast ekki vera til ráðstöfunar, eins og skilgreint er í 2.–5. mgr. 222. gr. tilskipunar 2009/138/EB, sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir þátt 2.

	REITUR	LEIÐBEININGAR
R0150/C0050	Víkjandi skuldir, sem ekki eru til ráðstöfunar á samstæðustigi — þáttur 3	Þetta er fjárhæðin á víkjandi skuldum sem teljast ekki vera til ráðstöfunar, eins og skilgreint er í 2.–5. mgr. 222. gr. tilskipunar 2009/138/EB, sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir þátt 3.
R0160/C0010	Fjárhæð jöfn virðinu á hreinni frestaðri skattinneign — alls	Þetta er heildarfjárhæðin á hreinni frestaðri skattinneign.
R0160/C0050	Fjárhæð jöfn virðinu á hreinni frestaðri skattinneign — þáttur 3	Þetta er fjárhæðin á hreinni frestaðri skattinneign, sem uppfyllir flokkunarviðmiðanirnar fyrir þátt 3.
R0170/C0010	Fjárhæð jöfn virðinu á hreinni frestaðri skattinneign, sem ekki er til ráðstöfunar á samstæðustigi — alls	Þetta er heildarfjárhæðin á hreinni frestaðri skattinneign sem telst ekki vera til ráðstöfunar, eins og skilgreint er í 2.–5. mgr. 222. gr. tilskipunar 2009/138/EB.
R0170/C0050	Fjárhæð jöfn virðinu á hreinni frestaðri skattinneign, sem ekki er til ráðstöfunar á samstæðustigi — þáttur 3	Þetta er fjárhæðin á hreinni frestaðri skattinneign sem telst ekki vera til ráðstöfunar, eins og skilgreint er í 2.–5. mgr. 222. gr. tilskipunar 2009/138/EB, og uppfyllir viðmiðanirnar fyrir þátt 3.
R0180/C0010	Aðrir gjaldþolsliðir sem eftirlitsyfirvaldið samþykkti sem kjarnagjaldþol og ekki eru tilgreindir að ofan	Þetta eru kjarnagjaldþolsliðir alls, sem ekki eru tilgreindir að ofan og sem fengu samþykki eftirlitsyfirvalds.
R0180/C0020	Aðrir gjaldþolsliðir sem eftirlitsyfirvaldið samþykkti sem kjarnagjaldþol og ekki eru tilgreindir að ofan — þáttur 1, ótakmarkaður	Þetta er fjárhæðin á kjarnagjaldþolsliðunum sem ekki eru tilgreindir að ofan og uppfylla viðmiðanirnar fyrir ótakmörkuðum þætti 1 og sem fengu samþykki eftirlitsyfirvalds.
R0180/C0030	Aðrir gjaldþolsliðir sem eftirlitsyfirvaldið samþykkti sem kjarnagjaldþol og ekki eru tilgreindir að ofan — þáttur 1, takmarkaður	Þetta er fjárhæðin á kjarnagjaldþolsliðunum sem ekki eru tilgreindir að ofan og uppfylla viðmiðanirnar fyrir takmarkaða liði þáttar 1 og sem fengu samþykki eftirlitsyfirvalds.
R0180/C0040	Aðrir gjaldþolsliðir sem eftirlitsyfirvaldið samþykkti sem kjarnagjaldþol og ekki eru tilgreindir að ofan — þáttur 2	Þetta er fjárhæðin á kjarnagjaldþolsliðunum sem ekki eru tilgreindir að ofan, sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir þátt 2 og fengu samþykki eftirlitsyfirvalds.
R0180/C0050	Aðrir gjaldþolsliðir sem eftirlitsyfirvaldið samþykkti sem kjarnagjaldþol og ekki eru tilgreindir að ofan — þáttur 3	Þetta er fjárhæðin á kjarnagjaldþolsliðunum sem ekki eru tilgreindir að ofan, sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir þátt 3 og fengu samþykki eftirlitsyfirvalds.

	REITUR	LEIÐBEININGAR
R0190/C0010	Gjaldþol, sem ekki er til ráðstöfunar, sem tengist öðrum liðum sem eftirlitsyfirvald samþykkti sem kjarnagjaldþol og ekki er tilgreint að ofan — alls	Þetta er heildarfjárhæðin á gjaldþolsliðum sem tengjast öðrum liðum sem eftirlitsyfirvald samþykkti sem kjarnagjaldþol og ekki eru tilgreindir að ofan, sem teljast ekki vera til ráðstöfunar, eins og skilgreint er í 2.–5. mgr. 222. gr. tilskipunar 2009/138/EB.
R0190/C0020	Gjaldþol, sem ekki er til ráðstöfunar, sem tengist öðrum liðum sem eftirlitsyfirvald samþykkti sem kjarnagjaldþol og ekki er tilgreint að ofan — þáttur 1, ótakmarkaðir liðir	Þetta er fjárhæðin á gjaldþolsliðum sem tengjast öðrum liðum sem eftirlitsyfirvald samþykkti sem kjarnagjaldþol og ekki eru tilgreindir að ofan, sem teljast ekki vera til ráðstöfunar, eins og skilgreint er í 2.–5. mgr. 222. gr. tilskipunar 2009/138/EB, og uppfylla viðmiðanirnar fyrir ótakmarkaða liði þáttar 1.
R0190/C0030	Gjaldþol, sem ekki er til ráðstöfunar, sem tengist öðrum liðum sem eftirlitsyfirvald samþykkti sem kjarnagjaldþol og ekki er tilgreint að ofan — þáttur 1, takmarkaðir liðir	Þetta er fjárhæðin á gjaldþolsliðum sem tengjast öðrum liðum sem eftirlitsyfirvald samþykkti sem kjarnagjaldþol og ekki eru tilgreindir að ofan, sem teljast ekki vera til ráðstöfunar, eins og skilgreint er í 2.–5. mgr. 222. gr. tilskipunar 2009/138/EB, og uppfylla viðmiðanirnar fyrir takmarkaða liði þáttar 1.
R0190/C0040	Gjaldþol, sem ekki er til ráðstöfunar, sem tengist öðrum liðum sem eftirlitsyfirvald samþykkti sem kjarnagjaldþol og ekki er tilgreint að ofan — þáttur 2	Þetta er fjárhæðin á gjaldþolsliðum sem tengjast öðrum liðum sem eftirlitsyfirvald samþykkti sem kjarnagjaldþol og ekki eru tilgreindir að ofan, sem teljast ekki vera til ráðstöfunar, eins og skilgreint er í 2.–5. mgr. 222. gr. tilskipunar 2009/138/EB, og uppfylla viðmiðanirnar fyrir þátt 2.
R0190/C0050	Gjaldþol, sem ekki er til ráðstöfunar, sem tengist öðrum liðum sem eftirlitsyfirvald samþykkti sem kjarnagjaldþol og ekki er tilgreint að ofan — þáttur 3	Þetta er fjárhæðin á gjaldþolsliðum sem tengjast öðrum liðum sem eftirlitsyfirvald samþykkti sem kjarnagjaldþol og ekki eru tilgreindir að ofan, sem teljast ekki vera til ráðstöfunar, eins og skilgreint er í 2.–5. mgr. 222. gr. tilskipunar 2009/138/EB, og uppfylla viðmiðanirnar fyrir þátt 3.
R0200/C0010	Hlutdeild minnihluta á samstæðustigi (ef ekki birt sem hluti annars gjaldþolsliðar) — alls	Þetta er heildarhlutdeild minnihluta í samstæðunni sem upplýsingar eru birtar um. Upplýsingar ætti að birta í þessari línu ef hlutdeild minnihluta hefur ekki þegar verið tekin með í öðrum liðum kjarnagjaldþols (þ.e. ekki ætti að tvítelja hlutdeild minnihluta).
R0200/C0020	Hlutdeild minnihluta á samstæðustigi (ef ekki birt sem hluti annars gjaldþolsliðar) — þáttur 1, ótakmarkaður	Fjárhæðin á hlutdeild minnihluta í samstæðunni, sem upplýsingar eru birtar um, sem uppfyllir viðmiðanirnar fyrir ótakmarkaða liði þáttar 1.
R0200/C0030	Hlutdeild minnihluta á samstæðustigi (ef ekki birt sem hluti annars gjaldþolsliðar) — þáttur 1, takmarkaður	Fjárhæðin á hlutdeild minnihluta í samstæðunni, sem upplýsingar eru birtar um, sem uppfyllir viðmiðanirnar fyrir takmarkaða liði þáttar 1.
R0200/C0040	Hlutdeild minnihluta á samstæðustigi (ef ekki birt sem hluti annars gjaldþolsliðar) — þáttur 2	Fjárhæðin á hlutdeild minnihluta í samstæðunni, sem upplýsingar eru birtar um, sem uppfyllir viðmiðanirnar fyrir þátt 2.

	REITUR	LEIÐBEININGAR
R0200/C0050	Hlutdeild minnihluta á samstæðustigi (ef ekki birt sem hluti annars gjaldþolsliðar) — þáttur 3	Fjárhæðin á hlutdeild minnihluta í samstæðunni, sem upplýsingar eru birtar um, sem uppfyllir viðmiðanirnar fyrir þátt 3.
R0210/C0010	Hlutdeild minnihluta, sem ekki er til ráðstöfunar á samstæðustigi — alls	Þetta er heildarfjárhæðin á hlutdeild minnihluta sem telst ekki vera til ráðstöfunar, eins og skilgreint er í 2.–5. mgr. 222. gr. tilskipunar 2009/138/EB.
R0210/C0020	Hlutdeild minnihluta, sem ekki eru til ráðstöfunar á samstæðustigi — þáttur 1, ótakmarkaður	Þetta er fjárhæðin á hlutdeild minnihluta sem telst ekki vera til ráðstöfunar, eins og skilgreint er í 2.–5. mgr. 222. gr. tilskipunar 2009/138/EB, sem uppfyllir viðmiðanirnar fyrir ótakmarkaðan þátt 1.
R0210/C0030	Hlutdeild minnihluta, sem ekki eru til ráðstöfunar á samstæðustigi — þáttur 1, takmarkaður	Þetta er fjárhæðin á hlutdeild minnihluta sem telst ekki vera til ráðstöfunar, eins og skilgreint er í 2.–5. mgr. 222. gr. tilskipunar 2009/138/EB, sem uppfyllir viðmiðanirnar fyrir takmarkaðan þátt 1.
R0210/C0040	Hlutdeild minnihluta, sem ekki eru til ráðstöfunar á samstæðustigi — þáttur 2	Þetta er fjárhæðin á hlutdeild minnihluta sem telst ekki vera til ráðstöfunar, eins og skilgreint er í 2.–5. mgr. 222. gr. tilskipunar 2009/138/EB, sem uppfyllir viðmiðanirnar fyrir þátt 2.
R0210/C0050	Hlutdeild minnihluta, sem ekki eru til ráðstöfunar á samstæðustigi — þáttur 3	Þetta er fjárhæðin á hlutdeild minnihluta sem telst ekki vera til ráðstöfunar, eins og skilgreint er í 2.–5. mgr. 222. gr. tilskipunar 2009/138/EB, sem uppfyllir viðmiðanirnar fyrir þátt 3.

Gjaldþol frá reikningsskilunum sem ætti ekki að vera hluti af afstemmingarvarasjóðnum og uppfyllir ekki viðmiðin til að flokkast sem gjaldþol samkvæmt Gjaldþolsáætlun II

R0220/C0010	Gjaldþol frá reikningsskilunum sem á ekki að vera hluti af afstemmingarvarasjóðnum og uppfyllir ekki viðmiðin til að flokkast sem gjaldþol samkvæmt Gjaldþolsáætlun II — alls	<p>Þetta er heildarfjárhæðin á gjaldþolsliðum frá reikningsskilum sem ekki eru hluti af afstemmingarvarasjóðnum og uppfylla ekki viðmiðin til að flokkast sem gjaldþol samkvæmt Gjaldþolsáætlun II.</p> <p>Þessir gjaldþolsliðir eru annað hvort:</p> <ol style="list-style-type: none"> Liðir sem birtir eru í skránum yfir gjaldþolsliði, en uppfylla ekki flokkunarviðmiðanirnar eða umbreytingarákvæðin, eða liðir sem ætlað er að vera í hlutverki gjaldþols sem ekki eru í skránni yfir gjaldþolsliði og hafa ekki verið samþykktir af eftirlitsyfyrvaldinu, og eru ekki birtir í efnahagsreikningnum sem skuldir. <p>Víkjandi skuldir sem ekki teljast til kjarnagjaldþols skulu ekki birtar hér, heldur í efnahagsreikningnum (sniðmát S.02.01) sem víkjandi skuldir sem ekki teljast til kjarnagjaldþols.</p>
-------------	---	--

Frádrættir

R0230/C0010	Frádrættir vegna hlutdeilda í öðrum fjármálafyrirtækjum, þ.m.t. óeftirlitsskyldum félögum sem leggja stund á fjármálastarfsemi — alls	Þetta er heildarfrádrátturinn vegna hlutdeilda í lánastofnunum, verðbréfafyrirtækjum, fjármálastofnunum, rekstraraðilum sérhæfðra sjóða, rekstrarfélögum verðbréfasjóða og stofnunum um starfstengdan lífeyri, óeftirlitsskyldum aðilum á fjármálamarkaði sem leggja stund á fjármálastarfsemi, þ.m.t. hlutdeilda sem dregnar eru frá samkvæmt 2. mgr. 228. gr. tilskipunar 2009/138/EB.
-------------	---	--

	REITUR	LEIÐBEININGAR
		Þessar hlutdeildir eru dregnar frá kjarnagjaldþoli og bakfærðar sem gjaldþol samkvæmt viðkomandi sérreglum í línurnar frá R0410 til R0440, og auðvelda þannig útreikninginn á gjaldþolshlutföllum, bæði að undanskildum og meðtöldum öðrum aðilum á fjármálamarkaði.
R0230/C0020	Frádrættir vegna hlutdeilda í öðrum fjármálafyrirtækjum, þ.m.t. óeftirlitsskyldum félögum sem leggja stund á fjármálastarfsemi — þáttur 1, ótakmarkaður	<p>Þetta er frádrátturinn á hlutdeildunum í lánastofnunum, verðbréfafyrirtækjum, fjármálastofnunum, rekstraraðilum sérhæfðra sjóða, rekstrarfélögum verðbréfasjóða og stofnunum um starfstengdan lífeyri, óeftirlitsskyldum aðilum á fjármálamarkaði sem leggja stund á fjármálastarfsemi, þ.m.t. hlutdeildunum sem dregnar eru frá samkvæmt 2. mgr. 228. gr. tilskipunar 2009/138/EB (sem birta á sérstaklega í línu R0240).</p> <p>Þessar hlutdeildir eru dregnar frá kjarnagjaldþoli og bakfærðar sem gjaldþol samkvæmt viðkomandi sérreglum í línurnar frá R0410 til R0440, og auðvelda þannig útreikninginn á gjaldþolshlutföllum, bæði að undanskildum og meðtöldum öðrum aðilum á fjármálamarkaði — þáttur 1, ótakmarkaðir liðir.</p>
